

Það var nú þá!

Frásagnir Vífils Búasonar á Ferstiklu af liðnum tíma í Hvalfirði, einkum um hernámsár, skráðar af honum sjálfum og Sævar Inga Jónssyni sem annaðist einnig frágang efnis.

(Vífill skráði eftirfarandi frásagnir)
Stríð geisar í Evrópu

Þegar við bræðurnir vorum 10 og 12 ára gerðust stórmerkilegir hlutir úti í Evrópu. Merkiþjóðir í álfunni töldu nauðsynlegt að fara í stríð- hver við aðra! Við höfðum fylgst með þegar barist var á Spáni og þar voru „þessir helztu“ að sýna vopnin og okkar landar fylgdust með og dáðust að „hugsjónum“ falangista, kommúnista eða nasista. Sumir töluðu sig heita og höfðu hátt. Vetrarstríð Finna stóð okkur nær og flestir Íslendingar fundu til með Finnum. Þó ekki allir, eg var til læknis á Akranesi, þegar þetta var og eg man eftir fjár-og fatasöfnun til Finna. Þá kom frétt frá Svíþjóð um vellukkaða söfnun hjá Íslendingum í Svíþjóð sem send var til Rússa! Eg man eftir því þegar fréttin barst, að fullorðið fólk sagði fréttina og grét og gnísti tönnum úti á götunni, mikið var það ljótt! Við bræður stóðum utan við þessa flokkadrætti, en höfðum svolítið gaman af myndarskap þeirra, sem höfðu hæst! Kommarnir þóttust allir hafa verið á Spáni og sumir sýndu ör eða brunasár sem þeir hefðu fengið en við trúðum þeim varlega, því nasistarnir sögðu að þeir hefðu aldrei farið lengra en í flæðarmálið á Seltjarnarnesinu,- þeir væru hugdegir!

En þjóðernissósíallistarnir,- það væru hinir einu, hugrökku og sönnu! Fullyrðingar þeirra voru bara teknar úr blöðunum og eins var með hina! Þessir voru þó skemmtilegastir, eða hvað?- Þeir voru alltaf að rífast, og hæla sér! Nasistarnir þóttu standa nær okkur, vegna þess, að þeir byggðu á fornsögum og dáðu forna trú! Svólítið eins og ungmennafélagarnir hjá okkur.

Eitt sinn höfðu komið tveir ungliðar í grá-grænum sportfötum, með svart belti um sig miðja og annað yfir öxlina sem hélt á móti skammbyssunni. Þeir komu úr Reykjavík og voru að fara til Borgarness, þar sem þeir áttu heima. Þegar þeir komu að bænum Miðsandi fór hundurinn á bænum geltandi á móti þeim, þeir skutu hann, en fóru síðan heim á bæinn og lýstu víginu á hendur sér! Gísli bóndi tók þeim illa og atyrkti þá sterklega, þetta var hans hundur, þó hann væri leiðinlega geltinn!

Fyrir „Stráka er ekki kafað djúpt í pólitíkina, en þó er þarna verið að leggja grunn að skoðun á stórmálum, það kom í ljós síðar. Svo var það að við vorum að tína kalvið í poka vestur í Kinn, þann 10.maí. Þá sáum við að flugvél kom inn í fjarðarmynnið og Minni hélt sig hafa heyrt sprengihvell þaðan (bróðir minn hét Ágúst Gísli en á þessum árum var hann

kallaður Minni). Stór skip sáust utan við fjörðinn, en það var ekki sjaldgæft. Við vorum latir að tína í pokana og komum heim fyrir hádegi og vorum forvitnir að vita hvað fullorðna fólkíð hefði séð eða frétt. Heima var allt í óvissu, því ekkert útvarp var og síminn nær óvirkur. Símsstöð var í Kalastaðakoti og símsstjórinn þar hafði hlerað að landið hefði verið hertekið um morguninn, enginn vissi af hverjum en getgátur voru á víxl. Sumir sögðu af Þjóðverjum, aðrir af Bretum. Svo var spáð í hvað væri framundan. Fáir fögnuðu komu hersins, en þegar fullvíst var að hér væru Bretarnir komnir, held eg að flestir teldu það betra. Nasistar höfðu þá tekið Danmörku og Noreg með blóðugum bröndunum. Á heimilinu var frændi minn Karl Laxdal. Hann predikaði um ágæti kommúnista, þó var hann ekki hrifinn af Bretum, nú fór hann með norsk kvæði um ómennsku þeirra í skiptum við óvopnaða fiskimenn í norsku fjörðunum fyrir á tímum. Á þessum tíma höfðu Hitler og Stalín gert vináttusáttmála og heitið samstöðu gegn „heimsvaldastefnu“ Breta og Frakka. Samt var Karl svo mótfallinn komu Bretanna. Hann hafði verið hafnarvörður á Skagaströnd þar sem breskir togaramenn komu oft og rifu kjaft! Karli þótti því betra að vita hvað þeir væru að segja og pantaði sér bækur í enskukennslu og lærði utanað! Þannig hafði hann náð nokkuð góðu ensku orðfari (Oxford ensku). Það kom sér vel nokkru síðar, að skilja hvað „Englishmen“ voru að babla. Þetta síaðist allt inn í „strákana“- en við fögnuðum öllum myndarskap og vonuðumst til að sjá eitthvað fara að gerast-hérna hjá okkur. Næstu daga skýrðist þetta betur og „strákar“ fylgdust með öllu af ákafa.

Breskir hermenn koma að Ferstiklu

Svo var það bara nokkrum dögum eftir að þeir tóku Reykjavík með stíl, að leigubíll frá Akranesi kom í hlaðið og út stigu þrír háttsettir með kaskseyti og snúrur um allt, þeim fylgdi einn orðulaus og óbreyttur, það var túlkurinn. Foringjarnir heilsuðu með kurteisi og spurðu um bóndann. Báru síðan upp erindið: Þeir þurftu að fá inni fyrir 30 manna sveit, svo og eitt herbergi fyrir yfirmanninn (kaftininn).

Faðir minn afsakaði sig, sagðist ekki hafa svo mikið húsnaði, en þá fór túlkurinn alveg af límingunni, þýddi ekki svarið, en endurtók kröfuna um húsnaði fyrir hersveitina: „Hans hátign Georg sjötti, konungur Bretaveldis þarfnast húsnaðis yðar---“. Túlkurinn hótaði að taka hús eftir þörfum, taldi allan mótþróa óþolandi ögrun við hátignina.

Nú fór að fara um heimamenn, en Karl Laxdal skildi hvað málið snerist um, hann fékk leyfi föður míns að blanda sér í málið, síðan bað hann foringjana afsökunar, en sagði að túlkurinn bæri ekki rétt á milli! Seinna frétti eg að þeim

hafi fallið vel Oxford-orðfærið hjá Karli! Karl var þá beðinn um að þýða samtalið og þá fór að ganga betur! Niðurstaðan varð því að herinn fengi inni fyrir 30 dáta strax og herbergi fyrir kaftain Dennis, síðar þyrfti að fjölga verulega í liðinu. Kaftainn Dennis var alltaf kurteis og sanngjarn, brosti og spurði hvort ekki væri komið talsvert pláss í hlöðunum? Þeir sögðu að þýskur her hefði gengið á land í Hrutafirði og sækti nú suður til Reykjavíkur, hér yrðu þeir stöðvaðir!

Bresku strákarnir bjuggu svo um sig í fjóshlöðunni, en kaftaininn fékk suð-vesturstofuna, þar eru gluggar í vestur og í suður. Kaftaininn hafði þjón, sem aldrei vék frá dyrunum, stóð þar dag og nótt á þrepskyldinum, en þegar kaftaininn var að heiman fór hann inn og lokaði.

Við strákaóþekktirnar skriðum inni hlöðuna og inná stabba, sem þar var eftir og gátum virt fyrir okkur atferli hermanna, hvað þeir gerðu og hvernig! Við sáum þá taka rifflana í sundur, smyrja þá og setja saman aftur. Eitthvað var lítið um skotfæri, en þó var ein byssa, sem hafði hleðslu. Sú byssa var alltaf í höndum varðmanns, sem var ofan við túngarðinn, skipt var um byssu þegar skipt var um varðmann þar. Allir höfðu hinsvegar byssusting og oftast á rifflinum! Annars sýndist okkur útbúnaðurinn fátæklegur, hlífðarföt líka. Hermennirnir fengu strax nóg að starfa, sumir grófu skotgrafir, aðrir tíndu grjót í rambalda, sem settir voru á veginn svo hægt væri að stöðva bíla. Bílstjórar voru spurðir um erindi, hvert ferðinni væri heitið- vanalega svöruðu menn einhverju, sem þeir héldu að gæti verið passlegt, hermaðurinn tók það gilt og benti þeim á að halda áfram! Bretarnir voru með hermenn á nokkrum stöðum utar við fjörðinn og varðskýli við Akranesvegamótin. Þar var spurt um þetta sama, nema eina vikuna var spurt um myndavél eða sjónauka (have you any camera in the car)? Einn morgun kom eg með vegavinnubílstjóra frá Akranesi og við vorum stoppaðir eins og allir aðrir og spurðir-, bílstjórinn svaraði strax „rót, rót,-bera ofaní you see”. Bretinn brosti bara og benti honum aka áfram. „Já maður er nú furðu fljótur að bjarga sér í enskunn, eg kunni ekkert þegar þeir komu,- sko núna getur maður bjargað sér í enskunn, - Sko núna getur maður svarað þeim eins og skot”!

Einn maður í sveitinni hafði verið á togara og siglt á Hull og Grimsby. Hann sagði að öllum hefði þótt sjálfsagt að fara í land og á bjórstofu eftir löndun! Allir voru svona jafn mállausir, sér hafi þótt bággt að skilja ekki hvað Bretarnir voru að kalla til þeirra. Í næstu heimkomu fékk hann sér „Geirsbók-kennslubók í ensku” og náði þessu nauðsynlegasta! Svo þegar þeir komu næst í bjórinn úti, þá skyldi hann skennsið og áfrýjunarorðin, sem dundu á þeim undir drykkjunni en í „time“ þegar allir skyldu fara út, komu Bretarnir og lúskruðu á Íslendingunum. Þessi maður var Ólafur bóndi á Þórisstöðum, með stærstu mönnum og hafði góða rödd! Hann sagðist hafa haft gaman af því að brýna þennan háværa, sem lofaði barsmíðum, fremur lágvaxinn en vanan boxara. Nú brýndi hann boxarann að standa við stóru orðin og koma og berja sig, tók á móti honum með útréttum handlegg og hélt honum frá sér, brýndi hann og

kallaði eftir efndum. „Hver var það sem sagðist berja mig í kássu? Af hverju er hann svona hræddur við Íslendinganna”? Þegar svo fór að draga af boxaranum barði hann greyið í köku, eftir það fengu skipsfélagarnir frið, jafnvel meiri frið en þeir kærðu sig um! Svo liðu meir en tuttugu ár, en Ólafur mundi eftir enskunni og sagði sögur af viðureignum við heimamenn í Hull, þá hló hann hjartanlega. Þegar herinn var kominn, fór fljótlega að vera þörf á að tala við hann! Einn morgun snemma kom Ólafur og kvaddi dyra, spurði eftir yfirmanni hersins og talaði hátt! Hann tilkynnti honum að þýski sendikennarinn, sem hvarf frá Reykjavík innrásarmorgunin væri á bæ einum í Lundarreykjadal. Kafteinn Dennis brást strax við og mannaði bílinn, þar komust ellefu menn með alvæpni á pallinn og sjálfur var hann frammi í hjá bílstjóranum (sem kallaður var Kettelsupper!) Ekið var sem leið liggur norður yfir hálsa.- Þeir komu jafnmargir til baka seint um kvöldið!

Ótrúlegustu flugufréttir voru á ferðinni og var fullyrt þetta eða hitt, sem svo var enginn fótur fyrir. Nokkuð löngu síðar gaf kennarinn sig fram vestur á Barðaströnd, hann var fluttur með fimm hermönnum suður. Komið var við á Ferstiklu og fengið kaffi eða te fyrir mannskapinn! Fanginn var látinn sitja út í bíl og var ekki ætlað neitt! Móður minni þótti það skítt, bar málið undir fyrirliðann, sem sagði að hann væri bara „príson”. Móðir mín fór þá með heitan sopa til hans og heilsaði honum. Enda voru þau málkunnug. Bretarnir stóðu bara hjá og gerðu enga athugasemd. Enda ERU Bretar séntilmenn.

Eitthvert sinn var messað í Saurbæjarkirkju, ekki man eg um tilefni, komu þá nokkrir hermenn inn í kirkjuna og voru með rifflana sína. Síra Sigurjón Guðjónsson var prestur okkar og kallaði foringjann fyrir sig og sagði að hann yrði að geyma byssurnar utandyra, einhverjar umræður urðu um þetta en prestur lét sig ekki. Var svo einn dátinn látinn vakta byssurnar úti en hinir sátu inni. Eg vissi að til var fólk sem þótti þetta frekja og óvináttuvottur. En síðan hefur þetta þótt eðlileg ósk.

Maður hét Magnús Pétursson og keyrði áætlunarbíl í Borgarnes eina ferð í viku. Hann var orðhvatur og hafði ýmigust á Bretunum. Eitt sinn kom hann að grjóthleðslu hér vestur á melunum og þóttist hann ekki koma bílnum í gegnum hindrunina, hann fór því út og reif niður hornið á rambaldanum! Allan tímann skvaldraði hann og skammaðist, en varðmaðurinn horfði bara á en mundaði ekki einu sinni byssuna (hann hefði átt að reyna þetta í Afganistan, hann Mangi P!). Íslendingarnir kunnu ekki að koma fram við her, af þeirri virðingu, sem nú þykir viðeigandi (er nokkuð betra að kunna það)?

Varðstöður Bretanna voru við veginn og uppi á fjallsöxlunum, þar sem útsýni er til hafs. Ein var grafin niður í klöppina rétt við „Kvörnina”, það er vörðu sem blasir við upp af veitingabúðinni, önnur varðstöð var í norðaustur frá bænum, þar sem heitir „Miðmorgunvarða” og ber við loft, frá bænum séð. Þar var ekkert gert til að skýla varðmanninum, hann stóð bara í skjóli af kletti og var lítið skjól af honum. Þar komu menn að innkalsa varðmanni við varðskipti um kl.tvö að nóttu. Það gekk í basli að koma honum niður og þegar komið var niður

á hlaðið hér heima, var hann látinn niður og reynt að ná sambandi við yfirmenn, sem ekki gekk og hann dó hér við húsin. Viðbrögð hersins voru sein og stirð, en ekkert var gert í leyfisleysi!

Karl Laxdal hafði verið í vinnu við að stafla timbri og taka til á byggingarstað Hallgrímskirkju. Byggingarframkvæmdir höfðu stöðvast þegar ófriðurinn hófst, mikið var af ósköfnum mótavið og Karli var falið að hreinsa til og laga. Hann fór til vinnu um kl. sex á hverjum virkum degi. Það kom fyrir að hann gengi til varðmannsins ofan við túnið, ef honum sýndist hann eitthvað líflítill. Hann talaði nokkur orð við hann og fór síðan sína leið! Svo var það einn morgunn að Karl kom of seint og sá hann, þegar fámennur flokkur læddist að varðmanninum og tók af honum byssuna, síðan vöktu þeir hann! Það var andstyggilegt, strákgreyið grét og bað sér vægðar, en án árangurs. Hann var tekinn sem fangi og fjarlægður. Eg held að þarna hafi mér orðið það ljóst, að stríð er andstyggð, en enginn leikur. Okkur bræðrum voru settar fáar reglur en gengið eftir að við héldum þær. Þar á meðal að leika okkur ekki með þykjast-byssur, vera ekki frekir við hermennina og fara ekki inn til þeirra í hlöðuna!

Bretrastrákarnir voru okkur góðir og vinsamlegir, þeir vildu ræða við okkur og við, við þá. Eg man eg spurði einn hvað hann hefði átt langt í skólann? Hvort hann hefði farið gangandi? Eða hvað hann hafði lært í sínum skóla? Hvað gerir pabbi þinn? Hvað gerir mamma þín? Og hvort hann hafi haft kennslukonu eða kennara? Út úr svona yfirheyrslu kom sú mynd að hann hafði haft takmarkaða skólagöngu. „Blýantar og pappír, eru svo dýr. Pabbi gekk daglega til húsbænda námufélagsins, og spurði um hugsanlega vinnu. Nei enginn vinna í þessari viku, kannske næstu“. Á þessum árum var ekkert, sem hét „atvinnuleysisbætur“. Verkamannafjölskyldum var ekki séð fyrir hjálp., „Mamma setur kartöflur þessvegna var „alltaf“ nóg að borða“. Líklega hafa strákarnir fengið póst tvisvar, meðan þeir bjuggu í hlöðunni. Eg man eftir að sumir þurftu að fá hjálp liðþjálfara til að lesa! Sumir fóru með bréfin frá mömmu afsíðis og eg sá einhver þeirra. Skriftin var skelfilega viðvaningsleg og stafagerðin. Samt nóg til að segja að mamma bæði fyrir drengnum sínum og að henni þætti vænt um hann. Þetta var kannski nóg? Alla tíð síðan hef eg verið ánægður með hlutskipti okkar hér á kaldalandinu. Við verðum ekki sendir út í lönd að berjast við annað fólk. Við höfum hér heima svo margt, sem þessir drengir fengu ekki að njóta. Þó ekkert væri annað en herskyldan, þá erum við margfalt betur settir! Hugleiðingar sem þessar eru kannske ekki viðeigandi? Eru kannske bara pólitík? Mér er þá sama, - það er andstyggð að ungir menn séu sendir að heiman til að berjast við menn, sem þeir hafa ekkert átt sökótt við. Stríð er andstyggð, sem gerir alla menn að verri, þá, sem lifa.

EKKI man eg nú lengur hvenær næsti flokkur kom, ennþá breyttist margt: sjötíu manna flokkur bjó um sig í ungmennafélagshúsinu, sem stóð við vegamótin hér vestur á melunum, þar sem sumarhús stendur nú. Reist var tjald fyrir mötuneyti við húsið, tjaldið var nærri eins stórt og húsið sjálft. Þar kom eg aldrei inn og samgangur við Bretana varð ópersónulegri. Samt voru þeir alveg

jafnpægilegir og ágætir og fyrr. Þá voru grafnar skotgrafir neðanvið húsið og kannske einhver byrgi við innganginn? Nú var farið að æfa liðið, en mest sá eg að æft var að ganga í takt og var sungið mikið, aðallega ensk og írsk lög. Þetta var bara gaman og við fylgdumst með og okkur þótti strákarnir ennþá hermannalegri á göngu.

Þegar svo var farið að huga að byggingu „herstöðvar“, kom heil herfylking verkfræðinga og verktaka að meta mismunandi byggingarstaði! Eg man að þeir stoppuðu hér fyrir vestan túnið og gengu um, en þá var svo blautt á melunum að þungt var fyrir fæti! Þá var farið uppí brekkuna, sem þar er uppaf, þar var líka aurbleyta. Okkur létti, þegar hersingin hélt af stað austur göturnar, þá vissum við að byggt yrði inná Hrafneyri, en þar var búist við að Bretarnir væru ánægðir, því þeir hafa gjarnan valið sér „höfða við sjó“. Á Hrafneyri var löggild höfn! Bretar koma vanalega sjóleiðina! Eitthvað svolítið var af skipakomum þarna fyrstu daganna. En lítið höfðu hlöðubúar haft samband við þau! Þó man eg að einn dátinn fékk skipun um að ná sambandi við skip, sem lá inn við Þyrilsnes. Hann hafði ljósmorstæki, stillti sér upp við hlöðudyrnar og sendi kallmerki! Lengi kom ekkert svar og flutti hann sig þá inná holt, sem var í sömu stefnu, en bara nær! Þegar svo lifnaði yfir byrgðaskipinu, brá vininum! Hann fékk bara þrjá stafi QPR?, sem þýðir raunar „haltu þér saman“. Nú hikaði vinurinn við, en skipun er skipun. Nú hafði hann fengið skipun um að ná sambandi og hélt því áfram að kalla. Svo kom svar, sem hann hafði vænst, en það var svo hratt að hann hafði ekki við að skrifa niður, eg var með honum þarna á holtinu og varð feginn þegar þetta var búíð, því mér var orðið kalt! Þetta holt man eg enn og gaf því nafn „Morsholt“, það er komið á kortið, nr.92, og hefur fengið gps-númer og hvaðeina (í örnefnaskrá: Skógarbók). Síðan var farið að byggja bragga á Hrafnabjörgum, á holtinu vestur af bænum. Þar með hófst „bretavinnan“. Karlmenn unga og eldri dreif að og allir fengu vinnu, sem það vildu! Þetta þótti uppgripavinna fyrir sveitamenn, sem ekki höfðu haft úr miklu að velja. Bændur, sem ekki höfðu haft undan að borga skuldir á jörðum sínum fengu nú peninga í lófana, vikulega. Flutt var inn í bragganna jafnóðum og þeir urðu fokheldir, en verkamenn bjuggu þó hjá okkur framanaf og gengu inneftir á morgnanna en heim á kvöldin. Eg man eftir mönnum úr Svínadal, Skorradal og utanúr Skilmannahreppi.

Fljótlega var svo farið að byggja eitthvað á Söndunum og úti í Þyrilsnesi. Um það vissi eg lítið, en nú fóru að koma fleiri skip í fjörðinn, eg man eftir litlu flutningaskipi sem lagðist austanvert í Hrafneyrina og var það látið hallast að landi og byrgðir bornar í land, meðan fjaran entist. Við bræðurnir fórum að sjá ósköpin og mér sýndist þetta mikið vera skotfæri! Þegar flóðið rétti skipið aftur var löndun lokið og skipið fór frá landi! Bretarnir kunnu þetta! Þarna var enginn bryggja, en þetta gekk ótrúlega fljótt fyrir sig meðan skipið lá á hliðinni! Nú fór að færast líf í fjörðinn utanverðan, því skip voru í stöðugri vinnu, einkum við Kalastaðakot og Katanes-Klafastaði.

Í fyrstu vissum við ekkert hvað til stæði þarna útfrá, en ýmsar getgátur komu á loft þegar sjóliðarnir gengu á land upp og reistu staur í túninu ofan við pakkhúsið í Kalastaðakoti, sem þarna stendur enn og stendur vel!

Þá fóru „fjármála-spekulantar“ að aka sér! Það skyldi þá ekki vera að Bretinn vildi byggja þarna flugvöll? Þeir byggðu flugvöll í Vatnsmýrinni í Reykjavík, já voru þeir ekki líka að skoða aurlandið við Ölfusá? Þrír eða fjórir peningamenn komu að máli við bóndann í Kalastaðakoti, gerðu honum gott tilboð í jörðina (60.000 kr.), greiddu þriðjapart strax en lofuðu fullri greiðslu „í haust“!

Það vildi svo til að bóndinn vildi gjarnan selja og hætta búskap, en jarðir voru nær óseljanlegar, enda fóru jarðir í eyði í stórum stíl um þetta leytið. Fólkið sópaðist í bretavinnuna og hafði það svo gott þar!

Um haustið var orðið ljóst að ekki yrði byggður flugvöllur

Kalastaðakotsflóanum! Félagarnirildu þá ekki fullgilda samninginn en keyptu sig lausa frá málinu. Bretarnir voru bara að sigta út stefnuna fyrir kafbátanet eða þess háttar búnað, því nú komu þeir með sífellt stærri skip í Hvalfjörðinn.

Orrustuskipið Hood var með fyrstu skipum, sem lögðust þarna við festar, eg man að það lá við Harðarhólmann og var eins og heilt landslag! En þessi stóru skip voru eins og fló á skinni, stoppuðu lítið en komu svo aftur! Þau voru svo góð skotmörk, en áttu ótrúlega erfitt með að verja sig í þröngri höfn! Það þurfti að hjálpa þeim að snúa sér, þá þurfti helst duglega dráttarbáta, bógskrúfur voru ekki komnar til, enda var Hood orðið um 20 ára gamalt þegar það var að „stjórna“ umferðinni um Norður-Atlandshafið. Brezku dátarnir voru ekki lítið hrifnir af þessu flaggskipi flotans. H.M.S. Hood kom nokkrum sinnum í Hvalfjörðinn, en reynt var að halda ferðum þess leyndum. T.d var það nefnt ýmsum nöfnum, til að villa um fyrir njósnurum.

Á bæ einum utarlega við fjörðinn höfðu orðið eigendaskipti rétt fyrir komu Bretanna. Kaupmannsfjölskylda úr Reykjavík, kom á jörðina, en vinnuhjú komu sér burt fljótlega, það var tortryggilegt, en þó enn meira þegar upplýstist að einn sonurinn á bænum hélt bók um ferðir skipa í fjörðinn! Sendu Bretar sinn fræga gagnnjósnara í heimsókn. Hann mun hafa talið heimilið hættulaust, þó var lengi haft auga með því! Jafnvel reynt að fá syninum rangar upplýsingar um skip og ferðir þeirra! Njósnarar voru alla tíð óvinsælir! Þó þýskir gengju aldrei á land í Hrutafirði, var talið að þeir hefðu sína menn í felum!

Margt varð til þess að styrkja þá trú!- eitt sinn heyrðist í Morsskeyti á þýsku. Allri tækni var beitt til að miða út hvaðan væri sent! Helzt var haldið að það væri norðan fjarðar,-kannske nærri Ferstiklu! Bretarnir settu upp búnað í Saurbæ og líklega hjá Ferstiklu. En þeir vörðust allra fréttu! Viku seinna var aftur sent samskonar skeyti, nú þótti það vera sunnan fjarðar, en vont var að henda reiður á hvar, eins og það væri á hreyfingu. Síðan var talið víst að það væri nærri bænum góða, þar sem drengurinn hélt skipaskrána! Athyglin beindist svo að bíl sem ók suðurum, gefin var skipun um eftirför, en billinn jók bara ferðina og losaði sig við sendibúnaðinn á ferð! Hann náðist svo við Tíðaskarð, en þar var einmitt varðskýli Breta. Þessi maður var bara Íslendingur.

Oddur sterki af Skaganum

Það var nú misjafnt, hversu alvarlega menn tóku þetta hernám! Þó var einn, sem tók það mjög,-mjög alvarlega, það var hann Oddur Sigurgeirsson, öðru nafni „Oddur sterki af Skaganum“. Oddur hafði verið með föður okkar á sjó. Eg held þeir hafi róið frá Stafnesi. Þessvegna kom hann árlega og fagnaði með Búa sínum. Það var alltaf fagnaðarfundur þegar hann kom, en svo varð hann leiður enda gerðu margir Reykvíkingar sér leik að því að stríða honum og erta hann og varð faðir minn stundum að skipta sér af því og vísa mönnum burt vegna þess! Svo furðulegt var, að þarna gátu verið hinir virðulegustu menn! Þeir lögðu gamla manninn í einelti. Oddur var kannske ekki heill á geði, heyrði illa og var mjög pólitískur (rauðliði). Í Reykjavík gaf hann út blað, eða, hann var skrifaður ábyrgðarmaður fyrir því. Blaðið var orðljótt og æsingarrit. Það hét Harðjaxlinn. Þar var ráðist með ofsa á þekta menn og var hann kærður og dæmdur fyrir það. Grunaður um að vera ekki læs, mætti hann fyrir rétt, með blek um allar hendur og sagðist hafa verið á skrifstofunni! Þetta var ljótt grín. Eitthvað mun hann hafa verið búinn að kvekkjast á hernum, en Bretarnir tóku honum eins og hann var. Árlega fór hann í ferðalag að hitta vini sína, sennilega fyrrum skipsfélaga. Jafnan fór hann um Þingvelli og Kaldadal og síðan vestur á Barðaströnd. Eg man hann sagði frá og reyndum við bræður að læra romsuna sem hann hafði yfir þegar hann var að lýsa viðtökunum: „Gó konan hans Manga mín í Bæ- gaf hundinum og krónu og mér hey, kaffi og brauð“. Svona kom þetta allt á afturfótunum hjá honum, en kunnugir gátu skilið aðalefnið, enda voru svo sem fleiri sem töluðu eitthvað bjagað. En mörg vitleysan var höfð eftir Oddi, eins og: „Ég fékk rauða hárið af Kálfsblóðinu, en vitið af grásleppunni“. Karlinn kunni eitthvað talsvert af kveðskap, t.d. eftir Örn Arnarson og fór stafrétt með heilu kvæðin, svo furðulegt sem það var! Kannske sálfræðingar eða uppeldisfræðingar gætu skýrt hvað skóp þessa manngerð?- Nú, en skapið var stirt og lítið gert til að laga hann til. Svo var, þegar karlinn kom að vestan og herinn hér í útihúsunum, þá bað hann föður minn að passa sig, hann vildi ekki lenda í neinum vandræðum. Hann var greinilega hræddur og við settum hestinn hans inn í fjós og reyndum að láta hann ekki sjá hermenn! Hann hafði grun um að herinn væri á næstu grösum og hann þurfti að komast til Reykjavíkur. Loks var það bílstjóri að norðan, með rétt tóman vörubíl sem tók karlinn, klárinn og hundinn hans á pallinn og kom honum farsællega suður og hafði gaman af! Þetta var víst síðasta sveitaför Odds sterka af Skaganum. Ellin fór að honum.

Og það voru fleiri, sem höfðu furðulegar hugmyndir um herinn og háttalag hans, ég man eftir Einari, hann var langt að norðan, keyrði fyrir kaupfélagið sitt og var hræddur um að herinn mundi vera að fylgjast með

ferðum sínum. Þegar hann kom norðanyfir hálsa, stoppaði hann og batt rauða vasaklúta fyrir ljósin á bílnum. Svo var hann að sansa þetta og spurði okkur, hvort „þeir“ væru ekki með skip á firðinum og við sýndum honum skipin sem voru að vinna við kafbátavarnir úti í djúpinu. Þá brá hann upp kík og sagði með hrifningu „já, stór steingrár, vopnaður togari, jahá“, en kíkirar og myndavélar voru bannvara í Hvalfirðinum einmitt þá! Breti stóð vörð á hlaðinu en Einar hafði bara ekki séð hann, eða ekki gert sér grein fyrir hvað hann var sjálfur njósnaralegur við þetta bauk!

Stóri Kanadamaðurinn og félagar hans

Við bræður fórum í skólann um veturinn. Þetta var farskóli og fluttist um sveitina hálfsmánaðarlega. Víða var þröngt og því gengu krakkar milli bæja, við vorum t.d. á Kalastöðum og gengum upp að Hurðarbaki. Stundum vorum við á Hurðabaki og gengum þá upp að Efra-Skarði. Á meðan við vorum í skólanum gerðist auðvitað margt, sem við fréttum svo, þegar við komum heim um stórhelgar! Oftast sáum við til þess, sem gerðist á firðinum, en þar var alltaf eitthvað að ske!

Meðan við vorum á Hurðarbaki gerði leiðindaveður,- Fyrst suðvestan slyddukast, en snérist þá í norðan bálviðri með þónokkru fjúki. Hjá okkur var ekkert að, en þegar við komum heim, voru þar „strandmenn“. Það var stór og mikill Kanadamaður og með honum þrír ungir strákar. Við fengum að heyra um ófarir þeirra: Fyrst komu þrír menn heim og fengu sér einhverjar veitingar, þá var suðvestan slyddugangur og hafði einn verið skilinn eftir til að gæta bátsins. Meðan þeir stóðu við snerist áttin og þegar þeir þrír komu aftur í fjöruna var báturinn brotinn og sjómaðurinn, sem skyldi gæta hans, að krókna. Stutt var úti skipið, en nær ekkert samband náðist við það. Héldu þeir félagar nú til bæjar og var sá blauti illa haldinn og ekki göngufær. Stóri Kanadamaðurinn tók hann á öxlina og munaði svo sem ekki mikið um, en veðrið var á móti og nú fór að muna um snjóinn, sem nú þyngdi færið og skóf í skafla. Faðir minn var úti við þegar þeir félagar komu heim á hlaðið og lét Kanadamaðurinn strákinn falla á hlaðið og sagði að hann væri dauður. Faðir minn sá að svo var ekki því hann sýndist anda við að lenda niður og var hann borinn inn og settur í hlýtt rúm og nuddaður. Smám saman fór hann að sýna meira lífsmark og kom faðir minn þá með flösku og eitthvað sterkt í henni! Strákarnir spurðu þá hvað væri í flöskunni. En sá stóri svaraði stutt „Medizin“ og lét þá ekki komast í hana. Strákurinn hresstist fljótt og fékk fötin sín þá er þau voru orðin þurr. Hann náði sér alveg. Norðanveðrið hélt áfram og ekki var viðlit að ná sambandi við skipið þeirra. Skipstjórinn mun hafa tilkynnt að fjórir skipverjar væru tapaðir og ekki vitað hvert þeir hefðu farið. Hafin var leit, en

báturinn fannst illa brotinn og alveg ófært brak, rekið einhversstaðar nálægt Kjósareyri. En á fjórða degi komu leitarmenn að Ferstiklu, þó ólíklegt væri að þá hefði rekið þangað, móti veðrinu, eins og það var nú orðið!

Það var Vestur-Íslendingur, sem var fyrir leitarflokknum.

Föður mínum þótti hann taka skipbrotsmönnum fálega! Hann sagði að gott væri að geta hætt leitinni, en þeir hefðu tekið bátinn í heimildarleysi. Þeir skyldu fá að svara fyrir það!

Aldrei vissi eg hverskonar skip þetta var, það var í laginu eins og farþegaskip, flott og vel við haldið, en þarna var því lagt í fraktskipta-lagi. Þetta skip hreyfði sig ekki, þegar flutningaskipin fóru! Foreldrar okkar lögðu svo fyrir að við spyrðum aldrei um skip og erindi manna. Við vissum að ákveðnir menn voru að „spæja“ um ferðir og fleira, en við áttum að láta, sem við vissum ekkert, það væri ábyrgðarminnst! Þessir menn voru að þefa uppi hvað menn í þjónustu flotans hefðust að, þegar þeir ættu „frí“.

Eg man eftir einum, sem kom á litlum bíl, alltaf einn! Allir forðust hann og þögnuðu, þegar hann birtist! (svo heyrðist manni hann kallaður „helvítis júðinn“). Við bræður gátum þó gert honum greiða, við mættum honum á Hesthálsi, vorum að koma af móti U.M.S.B. á bökkum Hvítár hjá Ferjukoti. Við seldum honum aðgöngumiðanna okkar, enda vorum við að fara heim og hugðumst ekki koma aftur! Hann var rétt að segja óútreiknanlegur (átti kannske að vera það).

Rakettur

Á skipunum voru víst byrgðir af raketum og ýmiskonar ljósum. Um áramótin (1941-42) var svolítið skotið upp, en síðan tók að reka á fjörunnar býsn af þessum glæsilegu flugeldum, sumir voru í vaxbornum umbúðum og það þótti „strákum“ ekki verra! Eitthvað var verið að banna okkur að reyna að senda upp rakettur, þær væru hættulegar. En þetta var bara svo gaman! Vissulega var gaman að skjóta upp raketum! Það var verst að ekki var hægt að festa prikið nógu vel því svolítið frost var í jörðu. Það hefði mátt reka járnkarl niður úr skelinni, en það var of seinlegt! Svo var það að ein raketan valt um og við vorum báðir óviðbúnir! Það kom heljar hvellur og blossi- Minni lá flatur þegar ég rankaði við mér. Hann sagðist hafa fengið skotið í fótinn. Hann var borinn inn og farið að hlúa að honum. Á fæti hans var svart opið sár og strax var farið að hugsa um að ná í lækni. Á Akranesi var héraðslæknir, Árni Árnason. Þangað voru 27 km en vegurinn var varla nefnandi því nafni. Mjög var því seinfært en Dr. Árni kom og gerði að sárinu sem var inn í bein ofan við ökkklann. Illt kom í sárið og varð Gísli mjög veikur, en Árni kvaðst ekki getað komið oftar inn eftir að líta á sárið. Þá var talsvert mál að koma sjúklingum út eftir, á þeim

tíma var aðeins einn héraðslæknir þar og ef hann fór var enginn til að taka við bráðatilfellum, á þessum tíma var annar læknir á Kleppjárnsreykjum en ekki var sótt þangað heldur reynt að komast úteftir.

Gísli lá inn í kaftensstofunni og leið illa, fóturinn orðinn bólginn og blár, Árna var illa við að fara langt frá sjúklingum sínum á Akranesi og var farinn að tala um að taka fótinn af, það var komin spilling í sárið. Þá var það eitt sinn er Gísli liggur í kaftensstofu að menn koma af skipi sem lá inn við Hvítanes. Þeir settust niður og biðu eftir veitingum í næstu stofu en hurðin á milli þeirra hrökk oft upp og það gerðist þarna, þeir sjá sjúkling og spyrja hvað sé að, þeim er sýnt hverskyns var. Þetta voru læknar og þeir höfðu tök á að sinna svona málum. Þeir reyndu að hreinsa sárið og gera Minna til gangs, sögðust svo koma aftur næsta dag með búnað. Þegar þeir komu daginn eftir voru þeir með allan sjúkrahúsbúnað og hreinsuðu úr sárinu grysjubindi og annað sem sett hafði verið, en settu í staðinn ljósleitt duft sem mun hafa verið Súlfat! Þeir gerðu ýmislegt fleira honum til hagsbóta og komu aftur daginn eftir en spillingin minnkaði í fætinum og sárið tók að gróa og allt á góðri leið. Í einni heimsókninni bregður þeim því skipið gefur hljóðmerki og þokast hægt og rólega út fjörðinn, það kallast liðhlaup að vera ekki reiðubúinn þegar kallið kemur. Læknarnir ná símleiddis við herstöðina sem ráðleggur þeim að fara til Reykjavíkur en skipið mundi hafa þar stutta viðdvöl á leiðinni út. Þeir fengu far með bíl sem var á ferðinni suður og komust í tæka tíð og náðu skipinu. Heimamenn fréttu af afdrifum þess, það fór suður fyrir Ameríku ásamt fleiri bandarískum skipum sem voru hér og komu þar í flasið á japanskri flotadeild og þar var því sökkt á fáeinum mínútum. Þetta var spítalaskip sem fylgdi bandaríska flotanum, geysifallegt á að líta.

Skipverji af bandarísku herskipi hafði samband við Gísla og gat sagt honum frá örlögum spítalaskipsins. Gísla gréru sárin, hann bar á það sulfatduftið og hélt fætinum. Árna héraðslækni var vorkunn því hann hafði mörgu að sinna á Akranesi. Það var dagsferð að fara inn að Ferstiklu á lélegum veginum og að sama skapi voru bílarnir ekki góðir.

(Sævar Ingi skráði eftirfarandi frásagnir)
Sagan af Pétri sjómanni

Heimilisfólk á Ferstiklu varð vart við Íslendinga á flutningaskipunum sem lágu í Hvalfirði. Sem dæmi um reynslu íslenskra skipverja af samskiptum þeirra við herveldin á þessum tíma er sagan af Pétri en sú saga sýnir vel að menn voru nákvæmlega ekki neitt í höndunum á þessu veldi- herinn fór sínu fram, það var ábyggilegt. Pétur var munstraður á skip í Reykjavík en hafði ekki hugmynd um að siglt yrði inn í Hvalfjörð. Skipið var andstyggilegur ryðkláfur. Það var gamalt flutningarskip sem hafði ekki fengið það viðhald sem til þurfti. Það vantaði alltaf skip, mörg höfðu verið skotin niður og flutningar á hergögnum til Evrópu höfðu stórauðist. Ameríkanar fengust ekki á þannig skip, það fréttist fljótt að verið væri að dubba skip upp til að fara eina ferð austureftir. Dregin voru upp skip sem höfðu legið einhverstaðar og voru hlutverkalaus, þau voru hresst upp en þó gafst ekki tími til að flikka neitt upp á þau að ráði-allir voru önnum kafnir við að byggja ný skip. Það tók tímann sinn að byggja ný skip. Ameríkanarnir voru fljótir, þeir byggðu svokölluð Liberty-skip, þau þóttu ágæt, stór og vönduð. Eitt nýsmíðað skip komst á sjó í viku hverri eftir að allt var komið á fullt í skipasmíðinni. Skipin voru smíðuð við námurnar, þar var skipsefnið steipt, og svo var trillað með skipshlutanna út við fljótin miklu og ströndina og sett saman með hraða. Íslendingar eignuðust eitt þannig skip eftir stríð sem bar heitið Tröllafoss og hafði verið farsælt í siglingum sínum.

Hásetarnir á skipi Péturs voru fangar, sennilega þeir sem dæmdir höfðu verið til lífstíðarfangelsisvistar en gátu keypt sig lausa með því að munstra sig á flutningaskip sem sigla áttu til Rússlands. Það var skortur á sjómönnum í slíkar ferðir á flutningaskipunum, ef menn höfðu hugboð um að skipin væru að fara þangað austureftir, forðuðu þeir sér. Pétur hafði ætlað sér í siglingar um Evrópu og hélt að hann væri að fara á amerískt skip sem sigla myndi um Atlandshafið. Honum leist ekkert á þegar hann hafði kynnst áhöfninni og skipið var komið inn í Hvalfjörð. Einsog áður greinir frá voru hásetarnir fangar og yfirmennirnir voru aldrei færri en tveir saman á verði, vopnaðir skammbyssum. Pétur reif kjaft og reyndi að gera mönnum ljóst að hann hefði ekki ætlað í siglingar til Rússlands. Það var ekkert hlustað á hann. Skipi Péturs var fyrst lagt útfyrir girðingu en flutt inn og lagt beint norður af Hvammsvík, sennilega svo hægt væri að fylgjast með því. Pétur smíðaði sér lítinn bát úr rafmagnsrörum, strekkti segldúk á og réri í land. Sú sigling var örstutt aðeins, 200-300 metrar. Hann kom síðan keyrandi að Ferstiklu og bað um að fá að hringja. Hann hringdi sennilega í þann sem munstraði hann á skipið, það símtal var árangurslaust því von bráðar komu menn frá MP (Military Police) og fluttu hann út í skipið aftur. Þar með var hann nánast orðinn strokumaður á skipinu en þannig var þetta; einstaklingunum var sýnt algjört miskunnarleysi og sjálfsagt hefur það orðið að vera þannig. Pétur

var því fastur á skipinu og komst í Hvítahafið. Búið var að sprengja allar hafnir á Kolaskaga. Því var skipinu stefnt inn til Arkhangelsk í Dvínuósum.

Þar geysaði hörkuvetur, frost fór upp í 40 gráður. Skipin voru rifin áfram með stórum ísbrjótum; þau frusu föst ef þau þurftu að bíða eða voru skilin eftir. Þjóðverjar fóru um og eyðilögðu skip sem þannig var komið fyrir- það var tilvalið þegar þau voru varnarlaus og föst í ísnum. Einhvern veginn komst Pétur yfir á annað skip, það skip var líklegast skotið undan honum en hann komst á það þriðja, síðar komst hann til Íslands og var um tíma í málsvari fyrir sjómenn. Bretum gekk illa að koma upp sínum skipum, aðalskipasmíðastöðvar Breta voru í Glasgow í Skotlandi. Þangað komu Þjóðverjar með allar sínar sprengjuflugvélar eina nóttina og helltu sprengjunum yfir, þar sem þeir héldu að skipasmíðastöðvarnar væru. Í blindflugi sáu þeir ekki alveg hvar ætti að hella sprengjunum sem lentu nokkrum húsalengjum of innarlega og komu niður þar sem verslunarmiðstöðvarnar voru. Af þeim sökum varð ekki mikið mannfall en verslunargatan var plægð upp.

Kappsiglingar (gerist 1941 eða 1942)

Eitt sinn kemur maður að Ferstiklu og segir að 22 sjóliðar hafi verið dregnir upp í fjöruna við Botnsvog, þeir hefðu drukknað í siglingakeppni á milli skipa, eftir að hvesst hefði skyndilega í veðri. Frásögnin þótti trúverðug en fékkst ekki staðfest annarsstaðar frá. Það komu oft miklar frásagnir sem ekki reyndist svo fótur fyrir. Sjóliðarnir voru með hásiglda báta í keppni á milli skipa. Keppnin varð að fara fram þar sem ekki var þéttskipað skipum, þar er Djúpivogur en hann greinist svo í Brynjudalsvog og Botnsvog. Djúpivogur er djúpur, þar var herskipalægi en hinir tveir vogarnir eru grunnir, þar var flotkví og birgðaskip sem lágu allt stríðstímabilið, þar fóru siglingarnar fram. Sjóliðarnir voru af herskipum, sennilega amerískum, þeir voru kátir og léttir og fundu sér alltaf eitthvað að gera. Lítið fréttist af því í land hvernig hefði gengið í kappsiglingunum; hverjir hefðu unnið og hverjir tapað.

Frásögnin berst að Ferstiklu snemma dags og í framhaldinu er beðið í ofvæni eftir nánari upplýsingum en enginn virtist kannast við þennan atburð þegar fram liðu stundir. Þannig gleymist sagan þangað til Eyvindur Jónasson vegavinnustjóri frá Stardal segir frá því að Sigurður bóndi á Þyrli hafi bjargað tveimur mönnum. Kappsiglingarnar sáust ekki frá Ferstiklu en blöstu við frá Þyrli. Bretarnir voru með stóra herstöð í Þyrilsnesi og urðu að fara í gegnum túnið hjá Sigurði á leiðinni út í nesið. Samband Sigurðar við Bretanna var gott allatíð. Bretarnir báru mikla virðingu fyrir Þyrilsbónda og komu oft þangað heim.

Eyvindur hafði eftirlit með veginum og endastöð hans var á Þyrli og fór hann oft þangað þessi sumur. Hann rifjaði atburðinn upp síðar með Sigurði og fékk nánari lýsingu. Sigurður sagði að bátarnir hefðu verið þarna á siglingu og allt verið voðalega gaman hjá skipverjunum en vindsveipur hefði skellt þeim um. Þá var einsog enginn þyrði að gera neitt, allir biðu eftir skipun ofan frá en Sigurður sá mennina hangandi á bátunum og berjast um en allir voru þeir ósyndir. Hann átti bát inn við nes og hljóp þangað, hratt út bátunum og náði tveimur mönnum. Þegar hann kom í land voru sjóliðarnir teknir til starfa og tóku mennina af Sigurði með þjósti og hálfpartinn sneypu hann fyrir að skipta sér af þessu; þetta var þeirra mál. Flotinn var seinn að taka við sér og viðbrögðin eftir því. Talsverður fjöldi af mönnum drukknaði þarna, en ekki er vitað með vissu hve margir þeir voru. Þegar Eyvindur sagði Vífli frá þessu leitaði hann að mönnum sem myndu kannast við þessa frásögn. Helgi sonur Sigurðar bónda á Þyrli kannaðist ekki við atburðinn en Guðrún tvíburasystir hans staðfesti að frásögnin væri dagsönn, faðir þeirra hefði náð tveimur mönnum og sagði hún Vífli söguna eins og Eyvindur hafði sagt hana. Frásögnin hefur hvergi áður verið skráð.

Samskipti heimamanna við herinn og afskipti hreppsyfirvalda

Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps greip ekki inn í mál varðandi hersetuna eða lét þau mál sig varða. Eina sögu má þó segja af samskiptum hersins og heimamanna þar sem hreppsyfirvöld koma við sögu. Þorsteinn Böðvarsson bóndi í Grafardal sagði Vífli frá þessu atviki. Mæðuveikin hafði grasserað og fénu hafði fækkað af þeim sökum. Bændurnir tóku eftir því að kindurnar komu heim jarmlausar. Það þýddi að tófan hefði tekið undan þeim. Skaði af þessum sökum varð bæði í Vatnshorni í Skorradal og í Grafardal. Höskuldur bóndi í Vatnshorni fær bræðurna í Grafardal með sér til að leita á heiðinni, þeir finna grenið og eyða því. Þeir fara af stað á nýjan leik og leita í öllum grenjum á vestur-heiðinni, verða þeir varir við umgang en sjá ekki dýrin þangað til þeir koma niður að Litlasands-greninu sunnan undir brúninni. Þar var svolítill skora eða dalverpi, þar hafði stórgrýti hrapað niðri og þar var urð. Þar sjá þeir versummerki eftir tófuna og sjá fjármörk sín á nýslátruðum lömbum. Ekki kom annað til greina en að eyða grenjunum en gallinn var sá að staðurinn var beint fyrir ofan herstöðina. Þeir voru feimnir að fara þangað án þess að hafa leyfi. Þess í stað hlaupa þeir vestur að Geitabergi sem ekki var löng leið. Þar bjó Jón Pétursson sem verið hafði bæði hreppstjóri og oddviti en nýafstaðnar kosningar voru sögulegar. Jón var endurkjörin oddviti en varð nú að léttu störfum af sér og neitaði nú að sinna oddvitastarfinu áfram en starfaði enn sem hreppstjóri. Leitað var til sr.Sigurjóns Guðjónssonar í Saurbæ að taka að sér

starf oddvita en hann aftók það með öllu. Jón á Geitabergi sá sér leik á borði og sagði bændunum að eini maðurinn í sveitinni sem talaði ensku væri presturinn og þeir skyldu fá hann í lið með sér í herstöðina. Þeir gera svo og sr. Sigurjón fer með þeim sem túlkur og setur sig í samband við yfirmenn þar og segir að bændurnir þurfi að leggjast á tófugreni undir fjallseggjum. Yfirmennirnir taka vel í þessa umleitan. Bændurnir fara í snarheitum aftur upp á heiði með viðlögubúnað og leggjast á greni. Þeir hafa ekki legið mjög lengi þegar þeir sjá dýrin án þess að ná þeim. Þá er allt í einu farið að skjóta úr stórum byssum í fjallsbrúnina, því fylgir mikill hávaði, grjótflug og djöfulsskapur. Höskuldur og Þorsteinn voru niðrí urðinni og sluppu því við að vera í skotlínu, en engu að síður var þetta einsog gefur að skilja afar óþægilegt. Þegar hlé verður á skothríðinni koma þeir sér upp fyrir brúnina. En innan skamms hefst skothríðin á nýjan leik, sumar kúlnar sprungu í berginu en aðrar fóru yfir brúnina og sprungu einhverstaðar norður á heiði. Höskuldur verður ofsareiður en Þorsteinn var rólegri og fékk Höskuld til að koma með sér aftur til Jóns á Geitabergi. Sem hreppsstjóri er Jón lögregluvald í sinni sveit en í oddavitastarfinu sem hann hefur einsog áður sagði látið af hendi, felst öll sveitastjórn meðal annars eyðing meindýra. Jón sendir þá aftur til sr. Sigurjóns í Saurbæ sem fer með þeim inn eftir að hitta hernaðaryfirvöld á nýjan leik, var Sigurjón byrstur mjög. Þeir fá þá þau svör að það hefðu verið vaktaskipti á heiðinni og gleymst hefði að segja frá því að þarna lægju Íslendingar á greni. Það stóðu yfir skotæfingar á heiðinni en verið var að kenna skyttunum að meta lengdina á færinu. Skotin á loftvarnarbyssunum voru stillt þannig að þau spryngu eftir ákveðinn tíma eða fjarlægð. Hermennirnir voru að æfa meðferð á stórum byssum, getur hafa verið hvort sem er loft- og vélbyssur. Bændurnir fá nú leyfi til að leggja á heiðina aftur og fara á nýjan leik og finna grenið en bæði dýrin voru bítur. Þeir fundu hausanna með mörkum þeirra beggja, hreinsuðu grenið út og fóru. Höskuldur var lengi miður sín eftir þessa svívirðilegu meðferð á þeim; að láta þá lenda í miðri skothríð. Svona var þetta hjá hernum á þeim tíma og hermennirnir báru bara virðingu fyrir þeim sem voru þeim æðra settir og voru jafnframt logandi hræddir við þá.

Knattleikir sjóliðanna

Ein af afþreyingum sjóliðanna í landi var að keppa sín á milli í bandarískum boltaleik. Það voru 20-40 menn sem tóku þátt í einu, en sjóliðarnir gátu sett upp tvo leiki á sama tíma. Nóg var af áhorfendum en skipverjar voru á annað þúsund manns. Eingöngu var um sjóliða að ræða en sjóliðarnir voru aldrei með óbreyttum í neinu. Sennilega var skipulögð íþróttastarfsemi (siglingakeppni, boltaleikur og jafnvel fl.) í góðri þökk yfirmanna en aðeins þó ætluð sjóliðunum.

Vífill hripaði niður frásögn tengdaföðurs síns, sem síðar varð, af knattleikjum sjóliðanna. Guðmundur á Bjarneyjarsandi átti rennislétt tún og það gat verið flottur leikvöllur. Þangað komu menn af stórum kanadískum herskipum, sem lágu suður fyrir Hvítanes, til leikanna. Skipt var í lið og var mikið fjör og mikið hlegið eins og oft tíðkast í amerískum leikjum. Vetur var mildur og frostlaus jörð. Með leikjunum urðu svo skemmdir á túninu sem var við að troðast í svað. Guðmundur bóndi var eðlilega ekki kátur með ástand mála. Þegar gerði norðankulda, rok og frost í jörð greip hann tækifærið og ók mykju á völlinn. Hann fékk Grafardalsbræður sér til aðstoðar, borið var öðruvísi á túnið en vant var; dritað var smáhlössum hér og þar. Þegar veðrið batnaði komu sjóliðarnir aftur til leiks en þeim leist nú ekki á leikvöllinn, þakinn mykju. Leikjunum var framhaldið annarsstaðar; sjóliðarnir fóru út á Brekkumýrar og léku einnig á mel vestan við túnið á Bjarneyjarsandi. Seinna var Guðmundi strítt á því að hann væri fyrsti þjóðvarnarmaðurinn, en hann hélt túninu og var ekki sakaður um mótsstöðu við herinn. Sýslumaðurinn í Borgarnesi fór með öll löggæslumál á svæðinu en þangað var hálfófært megnið af árinu og 4-5 tíma keyrsla. Næsta víst má telja að sýslumaður hefði lítið sem ekkert gert með klögumál eins og skemmdir á túni! Eitthvað var um að heimamenn kvörtuðu og reyndu að verja sitt fyrir átroðning hersins en það var þýðingarlaust að hamla á móti þó um eignartjón væri að ræða.

Fleiri frásagnir af skipverjum

Þegar Bandaríkjamenn komu árið 1941 var það fyrst og fremst til að verja skipalestirnar- skipverjarnir komu þó ekki í land fyrr en 1942. Skip þeirra lágu um allan fjörð og á þeim voru allra þjóða menn. Amerísku skipin voru glæsileg, bandaríski fáninn var hreinn og fínn. Flutningaskipin láu lengi í firðinum til að stækka skipalestirnar áður en siglt var áfram austur til Rússlands.

Lega flutningaskipanna í firðinum var endalaus bið fyrir skipverjanna, þeir gátu margir hverjir notað tímamann og farið í land en þurftu að lúta ákveðnum reglum og koma til skips þegar kallað var. Notaðar voru veifur og flögg í þeim tilgangi að láta vita hvenær skipverjar ættu að snúa aftur til starfa sinna. Reglurnar voru strangari á herskipunum og sjóliðarnir áttu að vera til taks en skipverjarnir á flutningaskipunum höfðu frjálsari hendur og fengu að vita með 5-6 tíma fyrirvara ef eitthvað stæði til. Að sama skapi var miklu minna eftirlit með flutningaskipunum og skipverjum þeirra. Eftirlitstöð var á „Castle hill“ á Hvammshólunum. Þar var haft eftirlit með þeim skipum sem fylgjast þurfti með.

Einn skipverjanna sem kom heim á Ferstiklu kölluðu bræðurnir á bænum Stóra-Björn, hann var stærri en aðrir menn og gildur vel. Stóri-Björn var kátur og gamansamur, þangað til hann komst í tæri við áfengi. Með víni varð hann snarvitlaus. Einu sinni þegar hann var á Ferstiklu, ætlaði hann að drepa skipsfélaga sína sem voru þar með honum. Hann var svo sterkur að átta menn, hangandi utan á honum, réðu tæplega við hann. Hann reif upp girðingarstaur og henti á eftir þeim þegar þeir hlupu undan. Staurinn hitti ekki í skotmarkið heldur kom í símalínuna. Þá var krökkunum á bænum bannað að fylgjast meira með og þau send inn í bæ. Þegar þau kíktu út aftur voru sjómennirnir komnir niður að lendingu þar sem þeir áttu bát. Þeir náðu að róa Stóra-Björn niður og fór hann með þeim út í skipið aftur.

Áfengi höfðu skipverjar með sér í land, ekki voru seldir áfengir drykkir í veitingasölunni á Ferstiklu, framleiðsla á öli var svo lítil hjá Agli Skallagrímssyni hf. Í Reykjavík að hún var bara seld við brugghúsið. Bruggað var í ákveðnum skipum, meðal annars í pólsku skipi sem lá út af Skollamóa við fjöruna, þangað fóru menn af öðrum skipum. Tekið var fyrir þetta af yfirstjórninni og mönnum meinuð slík drykkja en þó tókst aldrei að koma alveg í veg fyrir þetta, það var alltaf eitthvað um þannig „starfsemi“ á skipunum.

Eitt sinn kom Ameríkani í land gagngert til þess eins að vaða í blautu grasi að nóttu til. Bræðurnir á Ferstiklu kynntust meðal annars indjána sem kallaður var Blue Joe, hann var rauður á hörund. Hann var kallaður Blue Joe vegna þess að hann vildi láta syngja „O blue Joe“ þegar hann fékk í glas, hann féll í áhöfnina, þar lögðust menn ekki í manngreinaralit vegna litarháttar.

Sænskur strákur af einu flutningaskipinu kenndi heimamönnum á Ferstiklu „að drýla hey“ en sú aðferð er gerð með gaffli, heyinu er mokað í lítinn

haug, sópað er í kringum drýlið og drýlið sett ofan á hauginn, það verður strítumyndað og hallar vel út af því. Þessi aðferð var óþekkt hér um slóðir en var þekkt fyrir hernámsár austur á Rangárvöllum, undir Eyjafjöllum og austur í Örfælasveit. Þar merkir drílið sérstakan straum í ám, stundum dríla árnar; draga mölina og kúla myndast. Úrkomusamt er undir Eyjafjöllum, menn sem komu austanað á þessum tíma kunnu að dríla. Aðferðin var þó of lítið notuð hér um slóðir. Hér var heyið fangað, föngunum var kastað út en heyið mátti ekki vera of lengi í föngunum. Það var aftur sett í föng, gjarnan ef þornaði og sett upp í baggasæti, þannig látið standa þangað til hægt var að kasta því út og fullþurrka. Þetta var seinleg aðferð. Skaftfellingar hafa lengi verið með margar brellur varðandi heyskap, þeir sjá þurrk þegar aðrir sjá súld og brælu. Þeir geta alltaf þurrkað þó hér sé það ekki hægt nema í þurrki!

Sænska strákinn sem kenndi heimamönnum „drýlið“ langaði að komast aftur heim. Hann var rauðhærður, freknóttur og frísklegur. Hann var bóndasonur úr Smálöndum og naut þess að ganga á landi. Hann strauk að heiman þrettán ára gamall, komst til Uppsala og munstraðist þar á breskt kolaskip til Englands og af því skipi á annað sem fór lengra og svo framvegis. Hann var búinn að sigla árum saman um heimshöfin fram og aftur. Þegar aurarnir sem hann fékk fyrir siglingarnar fóru að minnka réð hann sig á nýtt skip. Nú langaði hann heim á nýjan leik en nú voru öll sund lokuð og hann hafði ekkert heyrt að heiman.

Sagan af ókunna mannum

Þegar verið var að byggja olíustöðina á Söndunum var Bandaríkjaher með 60-100 manns í vinnu. Vertakinn var aðskilinn með vinnulið, því voru mörg „ríki“ á söndunum. Alltaf komust sögur af stað manna á milli, sögur af atburðum sem gerðust á svæðinu. Margt af því var kjaftæði sem gleymdist jafnharðann. Einn morguninn heyrast sögur af því að maður hafi verið skotinn inn við vatnstanka fyrir ofan olíutankanna á Klifmel. Sagt var að hermaður hefði skotið þremur skotum á manninn, hinn hefði ekki hægt á sér heldur hraðað sér niður í Stekkjargilið. Um hádegi var sagan orðin mun magnaðri; tveir hermenn hefðu skotið á manninn og hefðu skotin farið í gegnum hann af stuttu færi. Það fylgdi sögunni að þetta hefði verið Bláskeggur sjálfur á ferðinni. Íslensku strákarnir höfðu þá sagt söguna af draugnum sem hafði verið þarna fyrir landnám. Menn veltu fyrir sér spurningum á við þessar; hvaða maður var þetta og hvað var hann að gera þarna? Um kvöldið var sagan orðin þannig að heill herflokkur hefði skotið á manninn.

Sannleikurinn er sá að fyrsta sagan kemst næst því að vera raunveruleg. Varðmenn sáu gangandi mann koma niður Litlasandsdalinn og stefna á

vatnstankanna, hann var léttklæddur og ekki hægt að sjá hvort hann var bóndi, hermaður eða einhver annar. Varðmennirnir kölluðu á hann að stoppa en hann hélt áfram og komst í hvarf við gilið. Hermaður skaut að honum þremur skotum og sá hvar skotin lentu og þyrfluðu upp jarðveginum en maðurinn hélt áfram leið sinni. Þessi saga gaf íslensku strákunum tilefni til að búa til draugagang. Sennilega varð aldrei vitað hvaða maður þetta var- var hann göngumaður eða úr herliðinu? Yfirmenn herliðsins urðu varari um sig og fjölguðu varðmönnum sem var eðlilegt miðað við að þarna væri maður sem ekki hlýddi skipunum. Dátarnir trúðu hinsvegar draugaganginum og kom þá í ljós að draugatrúin er svipuð í Ameríku eins og hjá sveitafólki upp á Íslandi. Sögurnar komu frá Miðsandi, Sigríður Jónsdóttir frá Geitabergi hringdi að Hrafnabjörgum og sagði svilkonu sinni nýjustu fréttir og öll sveitin hlustaði þegar sögurnar svo mögnuðust upp í Olústöðinni þegar líða tók á daginn og þá bárust þær jafnóðum frá símtólinu að Hrafnabjörgum.

Um braggasmíðina og mikið óveður

Um 1990 stóð Vífill í ströggli um hverju Brunabótafélagið vildi taka við og hverju ættu að henda (Vífill var umboðsmaður Brunabótafélagsins fyrr á árum) þar á meðal var kort af svæðinu sem sennilega var unnið af Kanadamönnum og afhent Brunabótafélaginu þegar kampurinn var tryggður 1948/49 þegar Olúfélagið og Hvalur hf. keyptu leifarnar af herstöðinni. Kampinum var þannig skipt í tvo hluta að Hvalur fékk austurhlutann og Olúfélagið vesturhlutann; hlutunum var skipt eftir einni götunni. Þar standa byggingarnar alveg eins og herinn afhenti þær, mergurinn er varðveittur en Hvalur hf. hefur haldið sínu svæði virkilega vel við og byggt við til að létta álagið af mötuneyti og íbúabyggð. Olúfélagið er búið að rífa marga af bröggunum á sínu svæði. Til þess að þetta bragganna var hlaðin torfveggur uppá járneið þannig að það blési ekki undir. Hernum fylgdi gífurleg rottuplaga en rottan fjölgaði sér mikið því Ameríkaninn fór illa með mat. Miklum matarleifum var kastað í sorpið, til dæmis opnuð 5 kg. baunadós en megninu hent. Leifarnar fóru í jarðfall út við brekku, þar var kvikt af rottu, það var góð búseta fyrir rotturnar að búa undir bröggunum, þar heyrðist vel í þeim. Breski herinn byggði lítið á Söndunum á sínum tíma, gerður var samningur við (líklega) kanadískt vertakafélag að byggja olústöð fyrir Breta á kostnað Bandaríkjamanna, þar voru peningarnir til. Efnið var fljótfengið vestanað. Heimamenn stóðu gáttaðir þegar þeir sáu heilum klyfjum flett upp með jarðýtum og gröfum. Byggðir voru tankar og tengdir saman með leiðslum og sléttað yfir

aftur. Búið er að rífa flesta elstu tankanna, líklega eru aðeins eftir tveir sem notaðir voru fyrir vatn, það voru efstu og austustu tankarnir.

Verkstjórinn hét Brown (eða Browning). Hann var sérkennilegur karl, til dæmis notaði hann sömu umferðarreglur og giltu heima í Kanada, í kampinum þurfti alltaf að skipta um akrein þegar keyrt var út á þjóðveginn, hann var sá eini sem gat ekki lært það og lenti oft í vandræðum.

Verktakinn var miðlungsstór og hafði verið í basli heima fyrir en þarna gat hann valið sér tæki og tól og fékk í upphafi bandaríska starfsmenn í vinnu en þeir týndust í burtu því atvinna var næg heimafyrir, sérstaklega eftir að Bandaríkjamenn fóru sjálfir í stríðið. Þá lentu þeir í vandræðum með mannskap og voru fegnir að fá íslenskt vinnuafli sem samanstóð aðallega af ungum strákum. Þarna fengu 15-17 ára strákar að keyra trukka, gröfur og jarðýtur og hvað eina, þá var ekki spurt um próf. Margir af þeim gerðust síðan vélamenn. Á eyrinni neðan við Litlasand voru tveir 11m braggar settir saman, sneru norðaustur- suðvestur. Þegar hver braggi var orðinn íbúðahæfur var hann afhentur. Íslensku verkamennirnir bjuggu í bröggunum meðan þeir voru enn í byggingu, þeir voru ekki frágengnir því ekki hafði verið settur jarðvegur að þeim. Einn af þeim sem vann við bygginguna og svaf í einum bragganum var maður frá Stykkishólmi sem kallaður var Mangi tukt. Í einu miklu óveðri sem geisaði fuku tveir eða þrír braggar, einfaldlega rúlluðu. Bragginn sem Mangi svaf í fór á flug, hann sagði svo frá að hann hefði haldið að koffortið hans (verkfærakistan) myndi lenda á honum. Allt lauslegt fór á flug en Mangi slapp hinsvegar ómeiddur. Þetta tiltekna óveður (sem Halldóra B. Björnsson vitnar m.a. til í bók sinni Jörð í álögum) gekk víðar en á Litlasandi, meðal annars rak skip upp í Engeyjarsund, þá heyrðust fréttir af því að tundurspillir hefði farist utan við Reykjavíkurhöfn.

Hvalfjörður verður hersetinn á nýjan leik

Herinn var við brottför tregur til að láta Hvalfjörðinn af hendi; bandarísk stjórnvöld vildu fá Keflavíkurflugvöll og Hvalfjörð til 99 ára. Málið var milliríkjamál og fór í gegnum Thor Thors. Ekki er hægt að sjá á gögnum að Íslendingar hafi svarað þessu en allavega var ekki samið um þetta mál. Andstaða við herinn magnaðist, haldinn var stór pólitískur fundur í Þingeyjarsýslu skammt frá Hriflu þar sem samþykkt var ályktun þess efnis að skora á ríkistjórn að sjá um að olíubirgðir í Hvalfirði væru ekki hafðar óvarðar. Framsókn tók málið upp aftur fyrir sunnan og álitnið var að hervarnir í Hvalfirði væru nauðsynlegar. Farið var að makka við Ameríkanann; gerður var samningur um að herinn kæmi og tæki við vörnum fyrir olíubirgðirnar. Á árinu 1952 kemur 70 manna lið. Nú

kemst herinn ekki í bragganna hjá Olúféluginu eða Hval. Þá er farið að byggja nýja herstöð. Hermennirnir bjuggu fyrst um sinn í tjöldum uppá Miðsandsgrundum sem svo heita, áður en farið er niður bröttu brekkuna hjá söndunum. Þar leið þeim illa. Á meðan braggarnir voru í byggingu varð ósamkomulag hjá verktökum en margir undirvertakar störfuðu, þar á meðal pípulagningamenn sem fannst þeir ekki fá nóg borgað og létu frágang á skolplögnum dragast. Íbúðabraggarnir voru tilbúnir að öðru leyti en því að ekki var búið að ganga frá skolplögnunum. Reglur hersins voru mjög strangar og ekki gefnar undanþágur á búsetu í bröggunum fyrr en allt væri klárt. Hermennirnir bjuggu því í tjöldunum og reyndu að kynda með olíu, norðan frost og hríð geisaði dag eftir dag.

Verkfall hafði orðið hjá flugvirkjum, ekkert gekk að semja og ekki var vilji til þess. Þá fer Alþýðusambandið í málið og vill stöðva olíu frá Hvalfirði til að reka á eftir samningaviðræðum. „Verkalýðsforinginn“ Guðmundur J. Guðmundsson („Gvendur jaki“) mætti á fund í Hvalfirði og vildi fá verkalýðsfélagið á staðnum til að stöðva alla olíuafgreiðslu til Keflavíkur þangað til samið yrði við flugvirkjanna. Ekki varð samkomulag fyrir hönd verkalýðsfélagsins en Vífill var viðstaddur fundinn þegar málið var tekið fyrir. Bróðir hans, Gísli, tók til máls á fundinum og áleit sem svo að ef farið yrði að stöðva afhendingu olíu, yrði ekki bara stöðvuð afhending til Íslendinga heldur yrði vinna stöðvuð að öllu leyti. „Jakinn“ vildi ekki ganga svona langt en lét þetta gott heita. Verkfallið skall á með þeim afleiðingum að ekki einu sinni vaktmenn voru á staðnum. Herinn var að brenna upp á olíunni, en samið var svo í Keflavík og í framhaldinu var samið við verktakanna sem unnu við bragganna og herinn gat því loks flutt inn.

Um jörðina Miðsand

Gísli og Þorvaldur Brynjólfssynir á Miðsandi keyptu jörðina árið 1935 og bjuggu þar fyrst saman, tveir píparsveinar. Þorvaldur vann við smíðar og var mikið að heiman. Gísli tók saman við Sigríði Jónsdóttur frá Geitabergi. Þau voru komin með þrjú börn þegar herinn tók Miðsandinn og byggði í túninu og allt í kring. Af þeim sökum varð rafstöð Gísla í gilinu ónýtt, en rafstöðvar voru ekki víða á bæjum þá. Gísli ætlaði að búa í sínu húsi áfram, hann vissi, ef hann færi, yrði húsið eyðilaggt. Mennt trúðu því, að stríðið gæti ekki orðið langt og þá færi herinn á brott. Gísli gafst upp með börnin og byggði yfir sig á Hrafnabjörgum. Þar bjó fjölskyldan í hálf tveim árum og í annað hálf tveim árum á Geitabergi, að þeim tíma liðnum var herinn ekki farinn enn. Þá flutti fjölskyldan út að Skarðskoti en var síðan ár á Súlunesi og að því loknu eitt ár í Lambhaga og þá hyltti loks undir lok stríðsins. Gísli fór þá aftur heim að Miðsandi með fjölskyldu sína og rétti við þar

og gerði íbúðarhúsið íbúðarhæft og fór að undirbúa búskap á nýjan leik. Þar sem gamla túnið var algjörlega ónýtt eftir hersetuna ræktar hann nýtt tún, hann hafði ekki betra land en uppá grundunum vestan við brekkuna. Hann fær sér traktor og er fljótur að rækta land og fær gott tún þegar Amerikaninn kemur til að passa olíuna og sér hvergi stað fyrir herstöð nema á nýja túninu hans Gísla og þar rís ný braggabyrping og eyðileggur allt saman! Gísli var mikill Framsóknarmaður og hans menn höfðu staðið fyrir þessu. Hann kvartar við flokksforystuna og hefði betur gert það fyrr en flokksfélagarnir svara fullum hálsi og rífa kjaft á móti og segja að ekki sé hægt að koma í veg fyrir að landið sé varið. Að sama skapi var ekki reynt að bæta hlutskipti Gísla. Hann fer til kunningja sinna, þar á meðal til Jóns Helgasonar frá Stóra-Botni sem þá var fréttaritstjóri Tímans. Gísli fær Jón með sér í mótmæli gegn því að tekið sé af einstaklingum, einsog í tilviki Gísla, ekki einu sinni heldur ítrekað. Flokkurinn gefur ekkert eftir og Jón missir starfið við Tímann og úr verður meiriháttar mál. Jón og fleiri stofnuðu Þjóðvarnarflokk Íslands sem magnaði upp andstöðu við herinn og Miðsandur varð miðjan í því dæmi hvernig menn lúffuðu fyrir hernum. Flokkurinn bauð fram og náði góðu fylgi og fjórum eða fimm mönnum á þing og varð ráðandi á þann hátt að hann hafði áhrif á meirihluta nýrrar ríkistjórnar. Framsókn tapaði að sama skapi áhrifum sínum og átti ekki aðild að nýrri stjórn. Flokkurinn sneri nú við blaðinu og tók undir það sem Jón Helgason hafði áður sagt, að það væri óþolandi að einstaklingar þyrftu að líða fyrir vernd landsins. Hinn þekkti framsóknarmaður Hermann Jónsson tók stórt upp í sig og sagði þessa frægu setningu: „Betra er að vanta brauð en hafa her í landi“. Á þessum tíma varð stutt á milli alþingiskosninga, Framsóknarflokkurinn náði mætti sínum á nýjan leik og fór aftur í ríkistjórnarsamstarf og samdi um áframhaldandi varnir landsins. Hjónunum á Miðsandi voru þó boðnar bætur og fengu Lund í Lundarreykjadal í staðinn fyrir Miðsand.

Á Miðsandi var sett upp andstyggileg gaddavírsgirðing sem var gormvafinn, ef maður eða skepna festi sig í girðingunni gat sá hinn sami ekki losað sig sjálfur aftur, dæmi er um að fólk hafi lenti í girðingunni og fé hafi drepist af þessum sökum. Vilhjálmur Jónsson föðurbróðir Vífils bjó á Miðsandi eftir 1957, hann leigði hjá ríkinu, var vaktmaður hjá Hvalnum í ketilshúsi en var með nokkrar kindur og kýr. Hann bjó vel um sig á Miðsandi en var berklaveikur og fór á stuttum tíma. Vilhjálmur skrifaði á sinni ævi nokkrar bækur meðal annars eina um vistina á Berklaspítalanum á Vífilsstöðum.

Samskipti heimamanna við „seinni-tíma“ hermenn

Þegar Vilhjálmur fór var settur lögregluþjónn, Finnur Eyjólfsson að nafni, til að tryggja góða sambúð hers og heimamanna. Hann setti upp hæsnabú og bjó í Miðsandshúsinu. Finnur var mágur Eysteins Jónassonar og kom í skjóli hans. Menntuðu miskunnarlaust áhrifin til að koma sínum mönnum að. Finnur sinnti löggæslu í Hvalfirði í nokkur ár. Áður en Finnur kom til starfa kom annar maður til löggæslu, viku og viku í senn. Finnur reyndi að fá menn til að vera jákvæða gagnvart útlendingunum sem þarna voru. Kvenfélagið í sveitinni var virkt og hélt samkomu snemma í desember ár hvert þar sem glaðst var í upphafi jólaföstudunnar. Menntuðu þessa skemmtun í gríni, „afkvemasýningu“, þar sem íbúar sveitarinnar komu með krakkanna sína, en skemmtunin var haldin í gamla félagsheimilinu. Það var vígt árið 1956 svo sá atburður sem hér greinir frá gerist eftir þann tíma. Yfirmenn í herstöðinni sóttu eitt árið fast að fá að sækja þessa skemmtun. Þarna voru tveir nokkuð jafnháir að völdum og þeir voru sammála um að freista þess að komast á skemmtunina. Sigríður kona Finns var meðlimur í kvenfélaginu og það var boðleiðin í þessu tilviki. Kvenfélagið vildi ekki styggja hjónin. Offiserarnir komu á skemmtunina, þóttu elskulegir og sýndu myndir af fjölskyldum sínum heima fyrir. Þeir sátu í suðvesturhorninu á kaffistofunni, voru með pela og voru farnir að snafsa sig. Einhverjir gestir urðu fúllir vegna þessa og fóru snemma heim með sína krakka. Yfirmennirnir héldu þó áfram og urðu háværir. Finnur lögregluþjónn fór að að lokum að hasta á þá og biðja þá um að hafa ekki svona hátt. Yfirmennirnir voru þá komnir í hár saman. Þegar Finnur hélt áfram að biðja þá um að hafa lægra, helltu þeir sér báðir yfir hann. Úr því urðu áflog sem enduðu með því að að yfirmennirnir voru settir í járn og fluttir inn í herstöð aftur. Yfirmenn herstöðvarinnar komu ekki aftur á þannig skemmtanir, en oft urðu yfirmannaskipti þar. Heimamenn voru alltaf sér á sínum skemmtunum, þessi ákveðna skemmtun þótti sérstök og átti að vera liður í því að efla góð tengsl á milli.

Ekki löngu seinna kemur kófdrukkinn offiseri á bíl heim að Ferstiklu, bankar á dyrnar og biður um að fá að koma inn. Hann var þrúður og kurteis og settist niður og jafnaði sig. Eitthvað erindi átti hann á bæinn en fór þó fljótlega inn í herstöðina aftur. Fljótt fréttist til ferða offiserans og Finnur lögregluþjónn kemur með ofboði tveimur dögum síðar að Ferstiklu og spyr Vífil hvort hann hafi verið í sambandi við ákveðinn hermann sem hann nefndi með nafni og var annar tveggja yfirmanna. Málsatvik voru þau að yfirmennirnir tveir höfðu rifist um hvor væri hinum æðri og frést hefði að annar þeirra hefði drukkinn farið út á meðal Íslendinganna sem ekki var samkvæmt reglunum. Sá sem þótti standa betur kærði hinn og ætlaði sér að klekkja á honum. Enginn vitni voru að þessum

atburði en það tíðkaðist ekki í hernum að menn bæru vitni gegn yfirmönnum sínum, hvað sem á dundi. Vífill svarar því til að yfirmaðurinn hefði komið þangað en ekkert gert af sér og farið fljótlega aftur. Finnur spyr hvort hann hafi verið drukkinn og Vífill segir svo hafa verið og þá tilkynnir Finnur að það sé brot á reglum hersins. Því næst spyr Finnur Vífil að því hvort hann myndi þekkja manninn aftur ef hann sæi hann. Vífill taldi það líklegt. Finnur biður þá Vífil, að endingu, um að koma með sér á fund í herstöðinni og segir að þá muni koma í ljós hvort hann þekki yfirmanninn aftur. Vífill gerir svo og fer með Finni á fundinn. Þegar þeir koma inn í herstöðina kemur í ljós að um herráðsfund er að ræða og eru yfirmennirnir tveir í rannsókn. Vífill er spurður hvort hann þekki manninn aftur, sem hann vissulega gerði en vildi ekki gefa það upp og taldi sig ekki hafa séð hann. Þá voru tólf menn látnir ganga framhjá og átti Vífill að benda á þann rétta. Tveir menn horfðu stíft á hann til að sjá hvar hann sýndi viðbrögð; það átti að veiða hann. Vífill sá manninn en lét á engu bera. Tveimur dögum síðar kemur Finnur á Ferstiklu á nýjan leik og spyr Vífil hvort hann hefði ekki þekkt manninn? Vífill segir í þessu óformlega spjalli að hann hefði vissulega þekkt hann. Finnur lýsir maninum nánar og í ljós kemur að hann hafði líka þekkt manninn en það var ekki nóg. Nokkrum dögum seinna fréttist að yfirmaðurinn hefði verið tekinn og settur í fangelsi á Keflavíkurflugvelli, vafalaust eftir ábendingu Vífils. Það var því ekki nóg að Finnur þekkti manninn en sjálfsagt hefur hann komið ábendingunni áfram. Hann þjónaði hernum enda var það hans starf að tryggja gott sambýli manna á milli, bæði hermanna sjálfra og ekki hvað síður að stuðla að góðum samskiptum hermanna við heimamenn.

Heimamenn urðu talsvert varir við þessa „seinni – tíma hermenn“, en kynntust þeim á annan hátt en hinum fyrri. Þeir voru t.d. í brekkunum á æfingum. Ef þurfti að refsa einhverjum var hinn sami meðal annars látinn bera þunga bakpoka. Einu sinni voru um 40 hermenn í brekkunum, heimamenn sáu þá ekki en heyrðu foringjann gefa þeim fyrirmæli um að kasta sér niður og standa upp aftur, á víxl.

Vífill keyrði vörubíl í nokkur ár og keyrði meðal annars efni að bröggunum á grundunum, þegar vinna við herstöðvabygginguna stóð yfir. Einn hinna minnstæðustu frá þeim tíma var kallaður Hollendingurinn fljúgandi, hann var smyglari og seldi hinn ýmsa varning sem honum tókst einhvern veginn að verða sér úti um. Meðal vörutegunda voru sígarettur, sælgæti og kvenfatnaður. Hollendingurinn hafði greinilega góð viðskiptasambönd, kramið var mikið og salan feiknalega góð. Þessi viðskipti áttu að fara leynt en þó var aðalatriðið að láta Finn ekki sjá neitt. Vífill hafði beig af Miðríkjamönnum, framkoma þeirra og háttalag var þannig, þeir gátu verið alveg óútreiknanlegir, skástir voru hermennirnir frá Chicaco og norður frá vötnunum.

Örlygur Hálfánarson bókaútgefandi sagði Vífli eitt sinn frá atviki sem henti hann og félagi hans og sýnir vel hvernig hermennirnir gátu látið í herstöðinni. Eitt sumarið líklega 1954 eða 55 var Örlygur að koma frá

Snæfellsnesi seinnipart nætur með fjórum félögum sínum. Þegar þeir komu að herstöðinni stóð hermaður með byssu og skipaði öllum út og lét þá leggjast á götuna. Örlygur reyndi að tala við hermanninn og féлага hans sem bættust í hópinn en það þýddi ekkert, þeir voru sjálfsagt í einhverjum indjánaleik. Hermennirnir gengu yfir þá og á milli þeirra með byssur í höndunum þar sem þeir lágu á götunni. Umferð var lítil, en þegar heyrðist í bíl slepptu hermennirnir þeim og ráku upp í bílinn og þeir keyrðu burt. Örlygur og félagar létu Utanríkisráðuneytið vita en það var sennilega yfir herstöðinni. Þar hristu menn höfuðið og sögðu að þetta gæti ekki verið rétt og málið féll því niður. Það gagnast lítið að vera með örfá vitni í svona málum, það voru 40 manns eða fleiri í herstöðinni sem hefðu kveðið þetta snarlega í kútinn ef ráðuneytið hefði gert eitthvað í málinu.

(Vifill skráði eftirfarandi frásagnir)
Séntilmenn?

Það fer ekki neitt á milli mála, að Bretarnir, sem komu og tóku Ísland þarna um árið voru sérstakir séntilmenn! Kannske voru þeir ekki eins flottir í tauinu og Káboyarnir, sem við kynntumst seinna, og ekki svo snjallir hermenn og Þýskararnir, sem fóru sigurför um Evrópu, um þessar mundir með „blitzkrieg“! En þeir voru „bestu drengir“-sérstakir heiðursmenn. Eg hef verið að sannfærast um þetta, alltaf betur og betur, þegar frásagnir koma fram af framferði þeirra síðarnefndu, eða þegar spurt er um hvernig málin gengu í Noregi eða Danmörku á stríðsárunum, eða þá í Póllandi?

Við lestur á bókinni um Rússlandssiglingarnar á stríðsárunum, rifjaðist ýmislegt upp, sem farið var að fyrnast! Hvort eg man eftir sjómönnunum á flutningaskipunum, sem gengu um melana og túnið, meðan beðið var fyrirskipana um brottför? Jú, þetta voru eins og heimamenn hér á bæjunum, kannske mest á Ferstiklu, því hér var veitingasala og því opið til að koma og fá kaffi! Fleira var ekki í boði af því, sem sjómenn sækjast eftir. Enginn bjór, ekkert sterkt að drekka! Þessir menn voru ekki frjálssir ferða sinna og haft var auga með því sem þeir gerðu! Sérstaklega var haft auga með áhöfnum tveggja skipa frá Hvíta-Rússlandi. Þau fengu lægi beint framanvið aðalstöðvarnar í Hvammi. Þau láu þar lengi, strákarnir fengu að fara í land, en máttu ekki hafa samband við okkur Íslendingana. Okkur var sagt að þessir menn væru frá landssvæði þar sem „útbrotta-taugaveiki“ væri landlæg! Við brostum og hlýddum, svo-til! Þessir menn skáru sig ekkert úr, -þeir vildu koma í land, en máttu ekkert samband hafa við okkur, - hvers vegna? Við bræðurnir vissum hvar Hvíta-Rússland var, en héldum að það land ætti ekki neinar hafnarborgir, væri landlukt land! Okkur var sagt að skip sigldu langt-langt inn í árnar og sænskir hefðu siglt alla leið suður til Miklagarðs! Jamm og jæja!-Við fylgdumst með þegar hásetarnir gengu á land og beint uppá fjall, þar gátu þeir bisað við að velta steinum af stað niður brekkurnar, síðan fóru þeir aftur út í skipin sín. Svo var það eitt sinn að þeir komu, fjórir eða fimm, brokkandi heim kúagötuna og reyndu að babla við okkur. Það gekk bara furðanlega! Eg man að eg sótti smá-aura inn og skipti við þá. Svo voru þeir farnir aftur sömu leið austur kúagötunnar og hurfu! Ekki held eg að þeir hafi komið aftur í land, en skipin fóru og eru úr sögunni. Já-þetta voru Rússar. Var það ekki einmitt til að hjálpa Rússum að vinna stríðið sem allur þessi her var á ferðinni í Hvalfirði. Við vorum vissir um að í Rússlandi væri aldrei nein taugaveiki, hvað þá útbrotta-taugaveiki. En hvað var á bakvið allt þetta pukur og þessa lýgi? Núnú, ef einhver þyrfti að vita það, þá lét eg þá hafa: Einseyring, tvíeyring og fimmeyring, kannske líka tíu-og tuttugu og fimmeyring. Um það er eg sekur! Eg fékk einhverja álíka peninga í

staðinn, hef týnt þeim fyrir löngu. En mig hefur borið af leið, það eru svo víða séntilmenn, líklega líka í Rússía.

Svo var það eftir stríðið, að sveitungi okkar, Jón Helgason frá Stórabotni kom í Þýskar borgir, líklega Hamborg, fremur en Lýbekk og honum ofbauð hvernig komið var fyrir Þjóðverjum. Jón fór að galsast við vini sína á Tímanum, en þar vann hann þá. Nú vantaði íslenska bændur kaupafólk. Allir höfðu hlaupið í „bransann“ og „bretavinnuna“. -Bændurnir væru í miklum vanda. Í Þýskalandi væri fólk á lausu, sem þyrfti að fá eitthvað að starfa! Eg man að hann nefndi ljómandi snotrar stúlkur og svo bráð-almennilegar! Þessu var fyrst tekið með fálæti, en Jón var áhrifamaður. Svo fór, að hann var fenginn til að hafa milligöngu um ráðningu, fór ásamt vini sínum úr Reykholtsdalnum. Bændum var boðið að setja fram sínar „pantanir“ og svo kom hann með hlaðið skip af fólk. Mest voru þetta stúlkur, enda meira framboð af þeim, en líka strákar. Foreldrar okkar réðu tvo, sitt af hvoru kyni. Hún hét Alma Whiteman(?) en hann hét Edgar Lehmann. Bæði voru frá Lýbekk, held eg. Edgar átti unnustu, sem kom með honum, hún var ráðin að Hvanneyri hjá Ástríði og Hauki Jörundarsyni (í Svíra). Hún hét Elfride Schulz, daglega kölluð Hússí. Síra Sigurjón og Guðrún réðu stúlku, Lísu Lemke (sem fékk nafnið Ohelséfský eða líkt því). Lísu vildi hafa samband við Saurbæjarhjónin, eftir að hún kom út aftur, en þegar frú Guðrún gafst upp á skriftunum, fékk hún mig til að taka sambandið upp. Lísu var dóttir háskólakennara og var í háskólanámi, þegar ósköpin tóku enda. Hún lærði málið okkar og hélt því, m.a. með því að skrifast á við okkur! Hún kom tvisvar hingað upp og síðast með manni sínum, ágætis manni af slavneskum ættum.

Æ, eg held þetta fólk hafi verið skaddað af þessum ósköpum, sem það þurfti að reyna. En ekki hún Alma. Hún fór strax að læra íslensku á leiðinni upp hingað og fáum dögum eftir komuna stóð hún upp frá kvöldverðarborðinu og sagðist ekki vilja fara aftur til Þýskalands („þar er helvíti“). Hún kvaðst vilja verða Íslendingur, eignast fjölskyldu hér og eldast með sínu fólk,- hér. Svo þegar árið var liðið og allir þýskir voru að ferðbúast, kvaddi Alma sér aftur hljóðs við kvöldverðarborðið: “Eg fer ekki út til Þýskalands, eg fer vestur, þar er minn maður“. Hún nefndi bæinn og sveitina. Svo fór hún vestur. Foreldrar mínir héldu sambandi við hana og heimsóttu Ölmú, þar sem hún bjó, með ágætismanni, þau eignuðust mörg börn. Hún hélt vel jafnvægi hún Alma!

Eitthvað hnökraði sambandið hjá Edgari og Hússý, Edgar hafði lofað tengdó að koma aftur heim til hennar, hvað sem annars ískærast! Hann stóð við það en sleit annars öllu sambandi við hana. Eg var eitthvað að reyna að setta þau, en hann sagðist þá aldrei skyldi hafa neitt samband við mig, ef eg skildi það ekki. Eg gafst svo upp á að skrifa honum, hann svaraði engu! Lísu sagði mér að þau hefðu eignast dreng, síðan hefði hann farið til Suður-Afríku og þar á skip, sem hafði fastar ferðir til Brasilíu. Það er þessi Edgar, sem sagði mér svo margt

frá samskiptum við Dani og Norðmenn. Nei reyndar ekki neitt frá Noregsdöl sinni, eg fékk margar gamansögur um samskipti við Dani. Hann kunni svolítið í dönsku: „Smukke pige- elske dæ, har dú smør for mæ“? Hann komst svo á fallbyssubát, sem var á vakt norður með Noregi. Svo einkennilegt var að það var aldrei neinu að segja frá. Það var helst þegar hann fékk sopa af víni, kannske um áramótin að eg gat sært hann til að segja frá því þegar hann lenti í sjónum. Þar hafði eg hann. „Af hverju fórstu í sjóinn?“ „Eg fór þrisvar í sjóinn, tvisvar norður með Noregi, og svo þegar við fórum heim. Þá sökkum við bátnum við Jótland, komum svo gangandi heim“.

Það var svo löngu seinna að eg kom til Noregs: Með póstbáti suður með ströndinni og eg sá að sum þorpin voru ekki eins á litinn og fór að spyrja háseta, hversvegna sum húsin væru svona dökk en hin með ferskum timburlit? Hásetinn sagði sallarólegur að þau væru mis gömul! „Þessi dökku eru eldgömul, þessi ljósu eru ný, eða þau eru síðan eftir stríðið! Það komu fallbyssubátar inná voginn og hófu skothríð á þorpið og húsin brunnu, kirkjan var varin, en ekki voru aðrir til slökkvistarfanna en gamlingjar og konur, hitt fólkið var í stríðinu“. Eg skammaðist mín og spurði ekki meir! Þarna hafa ekki verið neinir sjentilmenn á ferð!

Edgar var of ungur til að komast í sjóherinn, en það var draumur hans! Hann beið eftir aldri, réð sig til aðstoðar með SS- liðum, sem gættu flutningaleiða um Pólland! Pólverjar munu ekki hafa gefist upp, þó herinn færi yfir landið þeirra! Járnbrautir voru rofnar, svo birgðalestir hlutu að stöðva. Þegar lestin hafði stöðvast, var skotið á Þýskarana. Síðan var reynt að ná sem mestu af vörum af lestinni, áður en liðsauki bærisk! Þarna var um matvöru og hergögn að ræða, allt vörur, sem Pólverja vanhagaði um! Fáir menn voru á lestunum, en svo líka hjálparliðið,-strákarnir! Þetta lið reyndi að verjast, þangað til hjálp bærisk og reyndi að hrekja skæruliðana sem lengst frá teinunum. Svo þegar lestin komst af stað, voru kannske fáeinir SS-liðar skildir eftir til að reyna að fletta ofanaf skipulagi skæruliða, vita hvar þeir hefðu bækistöðvar og hverjir hjálpuðu þeim! Þetta voru sögur um svik og pretti en engar frásagnir af sjentilmönnum! - Sleppum þeim! Þegar Edgar var nú búinn að vinna sér traust til að komast sem „hálfmatrós“ hjá flotanum, var ekki verið að spyrja um aldurinn. Þýski flotinn fól sjóliðunum að gera „innkaup“ á matvælum til fararinnar. Þeir skyldu kaupa búsafurðir af dönskum bændum! Allt greitt með ríkisávísunum, sem greiðast mundu eftir stríð! Skipið lónaði úti fyrir Jótlandssíðu og voru þá valdir viðskiptabændur, eftir auganu! Síðan var gengið í land og bændur heimsóttir! Þeim var betra að reyna engan refshátt! Annars var flett ofanaf földum eggjabyrgðum eða smjöri, eða kannske heimasætan finndist í felustað sínum! Eg má til að láta fylgja eina sögu um viðskiptin, sagða af hásetanum okkar! Bóndi af betra tæinu, hafði falið matarbyrgðir, en fór flatt á því. Hann var því bundinn og látinn segja hvar grísirnir væru! Frásögnin er ljót og við hlaupum yfir hana. En snemma næsta morgunn kom háttsettur foring af „brúnstökkum“

og krafði skipstjórann skýringa á harðræðinu. Kallinn þvældist fyrir og vildi ekkert játa, svo skipsáhöfnin var öll kölluð uppá dekk og skipað að standa rétt! Síðan var gengið á röðina, en enginn játaði. Brúni foringinn tók þá upp skammbyssuna og spurði hver hefði níðst á bóndakonunni. Ekkert gekk. Þá dró hann byssuna upp og skipaði þeim sem þarna væri sekur að stíga eitt skref fram. Allir tólf stigu fram um eitt skref. „Svín-hundar, konan er látin“ sagði foringinn. Fallbyssubáturinn fór þegar í stað norður, stefndi á Noreg. Ekki urðu nein eftirmál út af þessu. Þarna voru sko engir sjentilmenn á ferð!

Eg tók eftir því, að Edgar þurfti oft að kasta af sér vatni og við ítrekaðar spurningar sagði hann að hann hefði orðið fyrir ofkælingu, „norður með Noregi“. Eg herti á og vildi fá að vita hvers vegna? Þá kom það: „Eg fór niður með bátnum“. Eg fékk ekki neitt nákvæmara sagt frá því! Engar frásagnir af því hverjir hefðu sökkt bátnum þeirra. Voru Norðmenn með nokkur stærri vopn þarna? Engar frásagnir eru um að skip Bandamanna hafi verið þarna á ferð!

Hann Ted með skakka nefið og stóra barkakýlið var sóma drengur, eða hann Mr. Moskroff, sem var liðþjálfari í hlöðunni og áfram í Hrafnshreiðrinu, eins og þeir kölluðu braggabyggðina hjá Hrafnabjörgum, svo fór hann líka úti Þyrilsnes, þegar þar var byggt! Eg heyrði sagt að hann hefði beðið mennina að fara sér hægt og svitna ekki þegar þeir voru að bera steypuefnið á sjálfum sér neðanúr fjöru og uppí grunnana. Tæknin var frumstæð þá. Eitt sinni var Ted á vakt og var hálfbjart, ekki meira! Kemur þá ekki einhver vera uppúr fjörunni og varð honum hverft við! Setti byssustinginn framanundir fyrirbærið og hrópaði eitthvað merkilegt! Veran gaf frá sér stunu og hné til jarðar! Kom þá í ljós að þarna var gamli Teitur, heimilismaður á Hrafnabjörgum. Hann hafði verið sendur eftir sprekum í eldinn og gekk þarna heldur nærri varðmanninum. Alveg óvart! Teitur var svo studdur heim og reynt að mýkja áfallið, en hann var lengi að jafna sig. Ted kom þá til hans og bað hann afsökunar. Hann var svo leiður að gera nafna sínum þetta. Teddi var einn af þessum sjentilmönnum, sem engum vildi nema gott!

Bifreiðarstjóri hjá Kapteini Denis var hann Askelely, öðru nafni Kettelsupper, eg reyni ekki að muna hans rétta nafn. Það var engin leið að bera það fram, en hér var hann kallaður Askelely; mun hafa verið að segja frá einhverju, sem enginn skyldi. Hann reyndi að ná sem flestum orðum, en framburðurinn var skelfilegur! Bíllinn sem hann hafði var Bedford, stuttur pallbíll, með djúpri skúffu og hann ók honum af leikni! Sjálfur var drengurinn lágur meðalmaður, en alltaf á iði, brosti mikið og hló, þegar enginn skyldi bullið í honum! Góður strákur- og séntilmaður.

Það væri synd að muna ekki eftir honum Bill. Hann var bátsmaður á gömlu flutningaskipi, sem lá nokkuð lengi rétt framan við lendinguna. Þetta var svo snemma, að eiginlegt skipalægi var varla til! Skipið lá lengi hér við land og kom Bill þá heim og fylgdu honum sex til átta menn. Hann bar upp erindið!

Ekki byggjum við svo vel að geta látið þá hafa eins og tvö til þrjú gallon af mjólk? Þeim var boðið inn og fengu kaffi! Hann spurði hvort hann mætti koma aftur eftir mjólk, eftir svona fjóra daga? Þessi viðskipti voru óvanaleg, því mjólk var ekki mikið í umferð þá! Þeir höfðu víst ekki mikið að borga með en eg man eftir að hann kom með gallonsdós af kaffi og var svo glaður að geta sýnt okkur að þeir hefðu sko gott kaffi! Eg held þetta hafi verið Skotar og komu þeir með brúsa, sem stimplaður er ýmsum mjólkurbúum, sem mér var sagt að hefðu verið til í námunda við Glasgow, en ekki veit eg sönnur á því! Það gerðist svo að við létum mjólkina í brúsa frá okkur til skiptis en svo var það brúsinn þeirra sem var hjá okkur þegar kallið kom og skipið hlaut að léttu og sigla burt! Brúsinn er enn til.

Þegar brezki herinn fór frá okkur og í braggana sína á Hrafneyri dofnaði mjög allt samband við þá, þó var eins og þeir væru „okkar“ hermenn. Til dæmis þegar þeir komu skyndilega á skriðdrekum á leið norðurum, þá var eins og þeir væru að koma heim,-ekki að tala um annað en bjóða okkur strákunum í kynnisferð upp á fjall, í skriðdrekunum. Eg held eg hafi aldrei komið uppí hallærislegra farartæki! (Þó er gaman að hafa reynt þetta, -en ekki aftur,takk). Strákarnir í brezka hernum eru sjálfsagt eins og aðrir góðir strákar! Vafalaust hefur það verið sérstök reynsla hjá þeim að búa í hlöðunni, þeir voru að fagna okkur, -þegar þeir komu svo síðar við og rifjuðu upp vikurnar í fjóshlöðunni á Ferstiklu! Þeir borðuðu dósamat og drukku vatnið úr lindinni, rökuðu sig uppúr sömu lindinni. Þægindin voru takmörkuð, bara hermannalíf á ófriðartíma. Engar minningar eru nema góðar um þessa sjentilmenn! Bara nokkrar dapurlegar, eins og þegar drengurinn, sem stóð vaktina uppi við Miðmorgunvörðuna, fékk innkuls og dó heima á hlaðinu hjá okkur, af því að enginn kunni „hjálp í viðlögum“, -hvernig bregðast skuli við undirkælingu! Þessvegna dó hann.

Einn maður hér um slóðir gerði til þess, að vingast við herinn, Ólafur bóndi á Þórisstöðum, hann gat talað við þá, svo að skildist og gerði það í tíma og ótíma. Til dæmis þegar hermennirnir vildu fá að heyra hvað útvarpið var að segja, þeir þekktu nöfnin, eins og Grikkland,- eða Trípólís, þá spurðu þeir, en fátt var um svör, en Ólafur sagði þeim bara að erfiði væri á þessum eða hinum staðnum. Hann gat ekki um úrræðaleyssi, eða villtan flóttu. Ólafur bauð flotamönnum, foringjum af stóru herskipunum, að koma í silungsveiði í vötnunum í Svínadal og þáðu þeir það, enda ekki margt hægt að gera sér til gamans á þessum stað! Hvalfirði! Háttsettir menn af skipum beggja stórveldanna, Breta og Bandaríkjamanna, komu í silungsveiði að Þórisstöðum. Stundum komu þeir á flugvélum, en sum stærri skipin voru með litlar flugvélar um borð. Sagt var að þær hentuðu helzt til að fá betri yfirsýn, þegar skyggni var slæmt. Var þeim slakað á sjóinn, en svo lentu þær aftur ef vel gekk og voru þær þá teknar með bómu-lyftu um borð! Já, þær gátu lent á Þórisstaðavatni og báru tvo menn, eða svo. Við bræður fórum oft að veiða í Kúhallaá eða þá í vatninu,-vorum stundum

að snudda með Guðna Ólafssyni á Þórisstöðum, við komumst ekki hjá því að sjá útgerðina hjá foringjunum! Eg man eftir tveimum af skipinu USS.IDAHO-menn á efri árum! Öllu vanir og fiskisælir! Annar hafði skeggtoppa, hafði þá á kinnbeinunum, og við kölluðum hann bara Topp! Líklega hafa þeir ekki verið með veiðigræjur sínar meðferðis. Ólafur átti alltaf einhverjar græjur að lána þeim. Hann hafði gaman af og sagði sögur af viðskiptunum og hló oft af hrifningu! Eg man eftir að hann sagði frá, þegar foringi af stóru skipi féll í vatnið og varð kollvotur! Ólafur var líka stórvaxinn og gat lánað honum passleg föt! Oftast komu þessir foringjar á bílum frá flotastöðinni, sem var í sköpun á Litla-Sandi. Skipið IDAHO var hér fyrst, hefur líklega fylgt einhverri af fyrstu skipalestunum. Bandaríkin voru ekki komin í stríðið, fylgdu bara skipum sínum milli heims-hafnanna, síðar komu fleiri stór-skip, seinna voru þau mörg kölluð heim, því Japanir eyddu kyrrahafsflota BNA á einum morgni ásamt flotahöfninni á Hawaii. Eg læt vera að meta hvurt þar léku sjentilmenn! Svona er bara hermennskan!

Fyrir kom að eg „sveitastrákurinn“, fór að meta skipin: Sum eru falleg, sum eru dugnaðarleg, sum eru bara ljót! Eg held að mér hafi þótt þau fallegust sem tengja mátti við frið eða vísindi. Fallegasta skipið var án efa spítalaskipið, sem lá rétt utan við Hvítanes. Ljósgrátt, með hallandi stefni, langa yfirbyggingu, bar lítið á byssum, en þær munu hafa verið með, að sjálfsgöðu, þetta var herskip! Það voru lækningar af þessu skipi, sem hjálpuðu bróður mínum, svo hann missti ekki fótinn. Svo urðu það þeirra örlög að falla, þegar þeir komu suður fyrir Suður-Ameríku, þegar Bandaríkjamenn kölluðu þá til varna á Kyrrahafinu. Þarna féllu lækarnir hans Minna. Þeir voru nærri búnir að verða af skipinu sínu, þegar það fór skyndilega. Hefðu þeir ekki notið sérstakrar lipurðar flotayfirvalda, hefði skipið farið án þeirra. Skipið var látið koma við í Reykjavík og hinkra ögn svo þeir næðu því! Áhafnir verða að vera ávallt tilbúnar brottför. Annars eru skipverjar taldir flóttamenn, eða strokumenn og eiga ekkert gott skilið (verða kannske skotnir). Þessir blessuðu menn lögðu sig sannarlega í hættu, með því að hjúkra stráknum. Mér finnst þeir sérstakir sjentilmenn.

Ólafi á Þórisstöðum var boðið að koma í „opinbera“ heimsókn, ásamt konu sinni. Hún Þuríður þakkaði pent, en benti á að Guðni, sonur þeirra hjóna, færi í heimsóknina. Þeir feðgar höfðu frá mörgu að segja, eftir heimsóknina, það er eins og sett hafi verið upp hersýning um borð! Þeim var sýnt hvernig stóru fallbyssurnar voru opnaðar, hvernig þær voru hlaðnar og þótti þeim mikið til þeirra koma. Sagði Ólafur að inni hlaupið hefði mátt koma svona sæmilegum sumrungs-kægli. Þá sést hvað þær hafa verið mörg „kaliber“. Eins fannst þeim mikið koma til eldhústækja, til dæmis stærðar á pottum, þar sem elda þurfti fyrir stóra áhöfn, kannske 1800 manns. Hrært var í súpunni með einskonar árum! En súpan fannst þeim þunn! Margt af því sem þeim var sýnt og sagt var frá, var tæknilegt og enginn áhugi var á t.d. ganghraða, skothraða byssanna góðu! Ólafur spurði þá um verð á dilkum í þeirra heimasveit, en ekki vissu þeir það! Þegar

svo færðist meiri alvara á sviðið og Bandaríkin urðu þáttakendur í styrjöldinni, var minni tími til slíkra vináttuheimsókna. Hraði og harka færðist yfir, skip voru kölluð skyndilega til starfa. Samt verð eg að segja að þarna kemur fram trúðmennska og viss séntilmennska í viðskiptum bóndans og flotaforingjanna!

Erfingi

Á Ferstikluhálsi norðanverðum, brúninni, þar sem brattast er niður í Kúhallana, er allnokkur grjóthrúga, sem kölluð er Erfingi („Þorleifserfingi“). Þetta er greinilegt örnefni, sem allir mega taka eftir. Þeir, sem leið áttu um Hálsinn, fengu þær leiðbeiningar, að leggja skyldi þrjá steina í Erfingja, til virðingar við þann, sem þar lá. Langflestum þótti það sjálfsagt í fyrstu ferð sinni. Engan þekki eg, sem vildi óvirða hann.

Þegar eg var unglingur var mér kennt að ganga virðulega um veginn þarna og lagfæra þegar steinar hrundu útfyrir dysina, hún stendur í svolitlum halla, undir er klöpp, svo að jarðvegur skriður smám saman niður á veginn. Sagan segir að þarna sé dysjaður fjármaður frá Draghálsi. Hafði hann haft orð á því að hann vildi liggja þar sem hann sæi til fjallanna sinna, þar sem hann hafði gætt hjarðar sinnar. Þegar hann svo dó, þótti sjálfsagt að færa hann til greftrunar að Saurbæ. Leiðin var erfið og þegar kom þarna í bröttustu brekkuna, gáfust hestarnir upp. Þá rifjaðist upp fyrir mönnum, að karlinn hafi sett fram þessa ósk, að mega sjá til fjallanna við dalbotninn. Líkið var því borið upp á brekkubrúnina og búið um það í dys. Svo leið tíminn-.

Þegar kom framyfir 1930 fóru að fara bifreiðar um Ferstikluháls, enda lá aðal- leiðin vestur og norður í land um Hálsinn. Einhvern tímann um 1936, eða svo, fór Guðmundur Jónsson (frá Múla í Línakradal) að heita á erfingja, ef honum gengi vel upp úr Svínadalnum, skyldi hann gefa Erfingja steina, svo eða svo marga. Guðmundur var afburðaduglegur ferðamaður, enda síðar frægur fjallamaður. Erfingi fékk nú margan steininn, stundum í snjó, stundum í aur og bleytu. Guðmundur hafði bara gaman af ófærðinni. Oft var hann að flytja kjöt frá kaupfélögunum við Húnaflóann innanverðan, bílarnir hans þættu nú ekki stórir núna, en furða hvað hann komst leiðar sinnar. Eitt sinn var hann á suðurleið og kveið fyrir Svínadalnum! Hét hann þá á Erfingja, að hlaða upp vestur-kantinn á dysinni, ef honum gengi vel upp brekkuna! Ekki veit eg hvort honum gekk mjög vel, en hann stoppaði og lét bílinn kæla sig niður, meðan hann hlóð upp kantinn og sparaði ekki að færa til stóra steina, til að fá gott hleðslugrjót. Ekki man eg hver var með honum, en hann mun heldur hafa bætt við ákafa Guðmundar! Nú fór svo að Guðmundur fór að eiga færri ferðir um

Ferstikluháls- önnur fjöll nutu hans því meir. Erfingi fékk nú færri vina-
heimsóknir um hrið.

Svo var það vorið 1965 að við Ferstiklubræður fórum í fjárrag í réttina hjá Guðna bónda á Þórisstöðum. Sáum við að tekið hafði verið grjót úr dysinni. Þegar við erum farnir að vinna í fínu, sjáum við að það kemur herbíll með allmarga menn og fara þeir að tína grjótið á truckinn, þótti okkur þetta ótækt, en enginn vildi skipta sér af þessu, af því að það var herinn. Þetta vor var liðið í herstöðinni á Miðsands-grundum, skipað mönnum úr Mið-vesturríkjunum og voru þeir engin lömb að leika við, fóru stundum í leik við vegfarendur, einskonar indjánaleiki. Þeir voru að koma sér upp þyrlupalli, við herbúðir sínar, fengu póstinn daglega með þyrlunni, ef lendandi var, og höfðu verið að snapa grjót víða um Ströndina, - þarna var grjótið í góðu færi.

Það varð svo úr að eg færi einn að tala við þá, annars yrði meiri töf, ef fleiri færu frá verki. Þegar ég stöðva bílinn hjá þeim og kem út heyri eg einn þeirra segja, „hvað á nú að ske“. Ég heilsaði þeim því glaðlega og sagði að ekkert ætti að ske, eg vildi bara segja þeim að þarna væri fornmannagröf! (tomb). Sá háværosti spurði „hvað með það“, eg fór undan í flæmingi og sagði svo sem ekkert með það, eg hefði talið rétt að segja þeim frá því. „Og hvað með það? spurði hann, eg sagði að ekkert væri með það, en að þarna væri jarðsettur smali úr dalnum og þyrfti að hafa frið, „og hvað með það“ spurði hann enn. „Ekkert með það, en karlinn gengur kannske aftur“. „Nú og hvað með það“ spyr hann enn. Mér fór nú ekki að standa á sama, segi þó að kannske væri ekkert varið í að hafa hann í þyrlupallinum þeirra! Ef hann nú fylgdi steinum sínum. Nú fór að síga í þann háværa og spurði hann í ákafa hvað eg vissi um þyrlupallinn þeirra? Á meðan að þessu fór fram, höfðu dátarnir ekkert hafst að en bara glott að mér, nú fóru þeir að nálgast mig og eg hef aldrei verið hugmikill!. Enda var liðsmunur mikill, ef þeir misstu þolinmæðina við mig! Eg beið ekki boðanna og snaraðist inni bílinn minn og forðaði mér burt.

Þetta atvik hefði getað gleymst, en nokkrum dögum síðar er ég kallaður í símann, með nafni og var það þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn. Spurði hann mig um dys á Ferstikluhálsi, hvort þörf væri á að friðlýsa hana. Eg sagði það ekki vera, svona leifar ættu að vera í friði þótt þær væru ekki friðlýstar, það væri hinsvegar ekkert gagn í friðlýsingu ef menn skildu það ekki.

Við ræddum þetta nokkuð, en ekki þá heimsókn, sem áður greindi frá.

Niðurstaðan var svo, að Kristján bauðst til að senda menn með friðlýsingarmerki og ganga frá skráningunni. Allt gekk þetta eftir og settur var snotur hvítur kross á dysina. Síðar var mér sagt að eg hefði verið kærður fyrir afskipti mín af hernum og málum hans. Kæran fór suður í Utanríkisráðuneyti og þaðan kom fyrirspurn til þjóðminjavarðar.

Ég fékk virðulegt skjal til varðveislu, svohljóðandi:

Í landi jarðarinnar Ferstiklu í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu eru samkvæmt lögum um verndun fornmenja, dags. 16.nóvbr.1907, skrásettar og friðaðar fornmenjar þessar:

Dys á Ferstikluhálsi, rétt við Þjóðveginn.

Þetta kunngjörist eigöndum og ábúöndum greindrar jarðar nú og eftirleiðis.

Ber eiganda að varðveita friðlýsingarskjal þetta og sjá um að ábúanda sé jafnan kunnugt um friðlýsinguna.

Reykjavík 17.7 1965

Kristján Eldjárn

Þjóðminjavörður

Þessu skjali fylgdu svo lögin frá 1907 ásamt fyrirmælum um meðferð fornra mannvirkja.

Nú skyldu menn halda að Erfingi væri tryggður fyrir ágengni?

En svo var þó ekki! Nokkrum dögum síðar sá eg að krossmarkið hafði verið tekið af dysinni. Eg fann það og gekk frá því eins og áður var. Enn nokkrum dögum seinna var eg þarna á ferð og hafði krossmarkið þá verið tekið og brotið og því hent burt.

Lét eg nokkru síðar smíða krossmark svipað að stærð og hitt, en nú úr smíðajárni. Gekk eg frá krossinum á sama hátt og fyrr. Var hann festur með grjóti, svo hann þyldi veður. Þessi kross fékk ekki að vera í friði, hann var grafinn upp og honum snúið við, svo að upp stendur fótstykkið, sem soðið var neðan á hann. Þannig er hann enn. Það eru brenglaðir menn sem láta svona, í hvaða tilgangi er þetta gert? Friðlýsingarmerkið hefur verið fjarlæggt einu sinni. Annars hefur Erfingi ekki verið hrekkur, þangað til í sumar, sem leið (2004) að það (merkið) var fellt. Eg held helst að bíll hafi farið þarna útaf veginum.

Önnur dys er í landi Ferstiklu, Skroppudys. Hún er ekki friðlýst, hefur ekki verið talin nógu merkileg til þess. Þó eru sögusagnir um að hún sé algömul, heitir eftir Skroppu þeirri, er Hólmverjar eru sagðir hafa drepit, þegar þeir rændu í Saurbæ (Um 995?).

Þrjú örnefni eru hér ofan við bæ á Ferstiklu, kennd við Skroppu. Nafnið er nokkuð sérstakt og eg hef ekki rekist á aðra Skroppu í bókum (nafnið er talið enskt). Í fornleifaskrá frá 2003 (Birna Lárusdóttir ofl.) er Skroppudys talin „týnt örnefni“ þó vísaði eg vísindamönnum á hana, en hún var talin of langt frá vegi til að fara að þangað. Mér finnst með öllu óskiljanlegt hversvegna svona gamlar minjar fá viljandi hrakning og það af fólki sem helst ætti að sjá sóma sinn í því að virða þær og vernda og að segja rétt frá, þegar það er sett til þess sérstaklega.

Hvert er varðveizlugildi svona minja?

Nú er fyrirhuguð vegagerð (slóði), þarna upp á fjallið. Er það okkar verk, bræðranna að halda hlífisskildi fyrir leifum, sem allir aðrir telja einkisvirði? Hér spyr sá er ekki veit. Kannski er bara óþarfi að verja gamlar grjóthrúgur? Nú eru þeir tímar, þegar margt gamalt er að tíkast, en verður kannske farið að leita þess, þegar nýir „búskaparhættir“ þarfnast sögunnar?

Ferstiklu 03.01.2005

Vífill.

Eftirþankar

Eg sé að í skoðunarskýrslu um fornminjar, sem unnin er fyrir Fornminjavörð Vesturlands, er Erfingi ekki lengur í landi Ferstiklu. Hinsvegar er hann nefndur í landi Saurbæjar! Mér dettur ekki í hug að halda að við Ferstiklubændur séum þar með úr allri ábyrgð meðan eg varðveiti skjal Kristjáns Eldjárns er eg skyldugur til að ábyrgjast „Þorleifserfingja“. Ef einhver vill draga í efa að hann sé í Ferstiklulandi, vísa eg til landamerkjabréfs um merki milli Saurbæjar og Ferstiklu, en þar eru nefnd þau merki, sem samið var um er afi minn keypti jörðina: Þá þótti rétt að „ríða á merkin“ þar sem vafi hafði leikið á hvar þau væru, nákvæmlega. Nú eru merkin skýr og enginn óvissa um þau.

Ferstiklu 28.07.2008.

Vífill.

Nú fer hann í vestrið og snjóar

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað úrkoman er mis-mikill, eftir áttum. Svo er líka misgott að þola snjófjúk, þegar menn þurfa að beita og spara sumar-heyfenginn!

Einn dalabóndinn hafði beig af snjókomu, þegar vindur stóð af Faxaflóanum, þá er úrkoman oft laus og kemur í dyngjum á heiðina! Þá er vont að féð sé úti um allt. Þessi bóndi lét fjárhirðuna ganga fyrir öllu öðru, á haustin. Þá spáði hann illa og sá voðann framundan! Stundum, þegar enginn sá veðrabreytingar framundan spáði hann stórhrið. „Nú fer hann í vestrið og snjóar,- svo fer hann í norrið“. Nágrannar sem þekktu vel til, brostu bara að þessu! Þarna sézt hvað hann óttaðist mest. Vestan dyngju-snjó og síðan þrálátan skafrenning af heiðinni ofaní dalinn! Þá varð alhagllaust! Uppi á heiðinni var mikið af brok-flóum, sem voru ófærir allt sumarið en svo þegar kom frost og hægviðri,- þá var öll heiðin eins og tún, því brokið er gott fóður.

Það var í svona veðráttu sem Einar Tómasson (frá Bjartheyjarsandi) fylgdi Þyrilsfénu um heiðina og hélt því saman. Allar tjarnir voru á heldum ís. Einar

hafði með sér nesti til svona tveggja-þriggja daga. Nú fór að rigna af vestri og síðan breyttist úrkoman í slyddu. Um hádegi snerist áttin í norð-austanátt og herti frostið. Féð undi illa bleytunni í brokinu og fór að renna saman í hnapp og vildi heim, en Einar var ekki á því! Hann færði féð til, þangað sem var aðeins skýlla. En veðrið fór vaxandi og féð réð sér illa og svo kom, að Einar sá sitt óvænna. Þá var hann staddur vestarlega á heiðinni, hann skildi féð eftir sunnanundir Höfðafosshæð og freistaði þess að komast sjálfur til manna! Ófærðin var skelfileg, en Einar var þaukunnugur. Styttzta leið til manna var að Geitabergi. Þar hafði hann, sem ungur drengur fundið skjól og átti þar vana að vænta. Sem vænta mátti, var snjórinn í öllum brúnum og brekkum margfalt dýpri en svo að Einar næði niður, þetta var því ó-manneskjulegt basl. Svo vildi til, að heimamenn á Geitabergi sáu hreyfingu í björgunum, ofan við bæinn, en veður var mun betra í dalnum. Sendi bóndi menn á móti fjármanninum og hjálpuðu þeir Einari niður. Honum var hjúkrað og reyndist hann mikið kalinn, bæði á höfði, höndum og fótum. Einar lá lengi illa haldinn og ófær að hjálpa sér nokkuð en hann hafði allgóða rödd og beitti henni eftir þörfum!

Oft kom það í hlut heimasætunnar að sinna þörfum hans og þrífa hann. Hún var svona við fermingaraldur þegar Einar kom og oft hafði hann orð á því, hvað hún væri nú væn og góð. Hún ætti nú skilið að fá góðan mann! Hún Björg! Og hann lofaði að gera sitt til þess, að hún fengi góðan og ríkan mann! Það var svo mikilsvirði þá, að fá sjálfbjarga eiginmann! Einar hafði verið fjármaður hjá góðbændum kring um heiðina. Hann átti sauði og fékk að hafa þá með sér í vistunum! Sauðirnir gáfu af sér gull, því þeir voru eftirsóttir í útflutning til Skotlands.

Skozkur fjárkaupmaður (Coghill) sóttist eftir 3. eða 5. vetra sauðum og var fjárglöggur með afbrigðum! Engum tjáði að hrekka gamla Coghill! Hann mundi það ef einhver reyndi það og forðaðist slíka menn.